


HUGMYND AÐ FYRSTA
HEILDARSKIPULAGI
ÍSLANDS

Byggt á könnun
á helstu byggðaforsendum
á Íslandi




Trausti Valsson
skipulagsfræðingur og arkitekt
1987.

Ideas on the first ICELAND-PLAN

Based on environmental
features in Iceland

Report in English: p. 73-126



TRAUSTI VALSSON

Efnisyfirlit

Formáli

I. INNGANGUR

- | | |
|-------------------------------|----|
| 1. Um skort á skipulagi | 8 |
| 2. Gagnrýni á núverandi tókum | 11 |
| 3. Um landsskipulag | 13 |

II. GÖGN - OG ALMENNAR NIÐURSTÖÐUR

- | | |
|---|----|
| 1. Gagnasöfnunin - og listi yfir helstu byggðaforsendur | 19 |
| 2. Kortin - og almennar niðurstöður | 27 |
| 3. Megináhrifaþættir í byggðapróun | 49 |

III. SKIPAN BYGGÐAR

- | | |
|--|----|
| 1. Hversvegna miðlæggi mun sækja á í framtíðinni | 57 |
| 2. Möguleikar á miðlægri þróun á Islandi | 64 |
| 3. Einkenni vegakerfis og byggðamynsturs | 60 |
| 4. Hugmyndir að helstu þróunarsvæðum | 67 |

IV. KYNNING - OG UM KORTAGÖGNIN, A ENSKU

1. An English Introduction	73
2. Environmental Features in Iceland	75
3. Ideas for a New Settlement-Structure for Iceland	120

VIDAUKAR

1. Reykjavík - miðstöð samgangna á landinu (Birtist í Þjóðvikanum 7. apríl '77)	127
2. Sögulegt yfirlit um Reykjavík sem miðstöð samgangna í landinu (Birtist í Tímanum 1. maí '77)	131
3. Byggðaforsendur á Íslandi (Útvarpserindi flutt 12. ág. '80 og endurflutt 16. ág. '80)	134
4. Hugmynd um tilraun um veg og ferðamiðstöð á hálandinu, sem gæti skorið úr um möguleika á miðlægnisþróun á Íslandi.	139

Rit þetta birtir í fyrsta skipti hugmyndir eða drög að skipulagi landsins alls.

Að baki þessara hugmynda liggur mikil vinna sem undirritaður hóf um 1975. Fyrstu blaðagreinar mínar tengdar málinu birtust fyrir um 10 árum (vorið '77, sjá viðauka 1 og 2).

Mest vinna fór í söfnun gagna um helstu byggðaforsendur á landinu (jarðhitasvæði, malarnámssvæði o.s.frv.) og naut ég þar aðstoðar margra íslenskra vísindamanna.

Þá kom að teiknun og túlkun gagnanna á glærur sem hægt er að leggja saman og sjá þannig á hvaða landssvæðum margar tegundir landkosta (eða landhættna) fara saman.

Til þessa verks fékk ég árið 1979 8 mánaða styrk frá CCMS, sem er vísindastofnun á vegum Atlantshafsbandalagsins.

Í framhaldsnámi mínu í skipulagsfræðum í Berkeley í Kaliforníu tók ég námskeið tengd efninu og naut leiðbeiningar margra þekktra skipulagsfræðinga, s.s. Ian McHarg í Philadelphia og Thomas Dickert í Berkeley.

Eins og listi minn um gagnakort og vinnslukort ber með sér (sjá bls. 22) eru þau mörg atriðin sem þarf að kanna áður en fullnaðartillögur um landskipulag eru gerðar.

Vinna mín og framlag nú nær aðeins til helstu byggðaforsendanna. Þetta gagnasafn er engu að síður nægilegt til að setja fram drög og hugmyndir um framtíðarskipulag landsins.

Í þessari hugmynd að skipulagi kemur fram mjög djarfleg hugmynd, þ.e. að í framtíðinni megi og eigi að reikna með að komi vegur yfir hálendi landsins, vegir sem hægt er að hafa opna mestan hluta ársins.

Við fyrstu sýn virðist þetta fásinna en við nánari skoðun kemur til dæmis í ljós að úrkoma, snjór, er mjög litill á miðhálandinu (þar er úrkomuskuggi frá Vatnajökli) og snjódypt víða ekki meiri en eitt fet. Uppbyggður vegur gerði snjóruðning ódýrari.

Vegakerfi yfir hálandið myndi breyta ótrúlega miklu um búsetuskilyrði á landsbyggðinni (miklu meiri en hringvegartengingin). Sem dæmi má nefna að uppsveitir norðanlands og sunnan, sem nú eru æði einangraðir, yrðu nánast "nágrannabyggðir" og kæmust í þjóðbraut. Leiðin á milli Akureyrar og Búrfells er t.d. aðeins um 200 km, eða rúmlega 2ja tíma akstur.

Ef þetta vegakerfi kemst á er hægt að vera með þjónustu- og ferðamiðstöð á miðri leiðinni, t.d. við Tungnafellsjökul þar sem er gott skíðaland líkt og í Kerlingafjöllum.

Frá þessum kjarna yrði um 100 km vegalengd til Norður-, Suður- og Austurlands og því auðvelt að njóta þjónustu þar fyrir fólk úr þessum byggðalögum. Einnig væri auðvelt fyrir fólk sem starfaði í þessum kjarna að fara síðdegis eða um helgar til þessara landshluta eftir því sem veðurfar og áhugi segir til um.

Ef ríkið tekur stefnu um að koma á heilsársvegum yfir hálandið breyttist aðstaða til búsetu úti á landi gífurlega til batnaðar, miklu meira og varanlegar en næst nú með linnulausum styrkjaaustri til að draga úr einangrun sveitahéraða.

Styrkjaleiðinni má líkja við að setja plástur á vandamál, í staðinn fyrir að snúa sér með stórhug að reyna að leysa frumorsakir vandamálsins. Margt bendir og til þess í seinni tíð, að núverandi aðferðir til að hamla á móti byggðaröskun séu næsta gagnlitlar.

Þegar ég hef kynnt hugmyndir mínar um þessi mál á umliðnum árum hef ég orðið fyrir miklu ámæli og jafnvel árásum. Ég treysti þess þó enn að biðja menn að gefa málflutningi mínum gaum og ég vona að stjórn mála- og ráðamenn sýni ekki lengur málefni þá óvirðingu að blaka því frá sér, án þess að styðja sig við faglega úttekt, t.d. á því hvað kostar að gera hálendisvegakerfið og hvað kostar að halda því opnu allt árið.

Mér var það nýnæmi og fagnaðarefni þegar ungir menn hjá Skipulagi ríkisins og Byggðastofnun ákváðu að veita mér styrk til að koma vinnu minni að þessu málefni á framfæri.

Trausti Valsson

I. Inngangur

1. Um skort á skipulagi

Við Íslendingar erum ekki þjóð sem kann vel að nýta sér ávinning sem hefst af fyrirhyggju og skipulegum vinnubrögðum.

Fyrir þessu eru sagnfræðilegar ástæður, s.s. að við erum tapast komin af veiði- og hjarðmennskustiginu.

Þá hafa sveiflur í veðurfari og fiskgengd (sem hingað til hefur verið erfitt að henda reiður á) leitt okkur til að atla að lítið þýði að vera að skipuleggja vinnubrögðin heldur leggjast frekar upp í loft og biða þangað til eitthvað gerist og rjúka þá til að bjarga heyjum, nýta gæftir, redda víxli.

Að bjarga hlutum þegar allt er komið í óefni (oft vegna trassaskapar) er þjóðaríþrótt sem nýtur mikillar virðingar.

Ef Íslendingasögur af hetjum nútímans væru skrifaðar yrðu þær um menn sem birtust og segðu töfraorðin "ég skal redda þessu". Þessar sögur mundi þó ekki vanta dramatíkina og væru það þættir af fólki sem hefur verið að byggja eða efna til fjárfestingar í landbúnaði á síðustu árum og áratugum.

Ríkið er sá aðili sem getur minnkað áhættu sem hlýst af skorti á yfirsýn hefur oft brugðist svo sem er tekur til mats á þörf á fjölda býla, sem þörf er á, til að framleiða það magn landbúnaðarafurða sem Íslendingar neyta.

Abendingar hafa þó margar komið frá embættismönnum, en stjórnámálamennirnir hafa flestir miðað við að hygla einstaklingum eða starfsstéttum - en við sjáum núna hver bjarnargreiði hefur

t.d. verið gerður bændastéttinni með að vaða blint áfram í fjárfestingu á síðustu áratugum. Nú, og við hin tókum reyndar líka þátt í að borga brúsann.

Það sem bjargar okkur í þessu óráðsía stjórnarfari er að við búum við náttúruauðævi (fiskur, jarðhiti, vatnsföll) sem gerir landið kostasælla en gerist í flestum öðrum löndum. Verðmætin sem sköpuð eru, eru gífurleg en það hefur verið sannað með nákvæmum útreikningum að okkur verður hlutfallslega minna úr þeim en öðrum þjóðum, vegna slæms rekstrar og skipulags.

Það sem Íslendingum dettur fyrst í hug þegar þeir ætla að spara er að spara í hugsun til undirbúnings framkvæmda. Á þetta jafnt við byggingu á húsum sem undirbúningi virkjana eins og var t.d. við Kröflu. Jarðfræðingur sem með rannsóknum sínum eykur líkur á nýtingu gufusvæðis um 20% sparar þjóðarþúinu 8 milljónir kr. á hverja holu. Um þá ótrúlegu hluti um hve mikið er hægt að spara (eða ávinna) með viti og skipulögðum vinnubrögðum ríkir vanmat og þekkingarleysi sem er djúpt grópað inn í þjóðskapargerðina. Ráðist er með hamagangi í verkefni, og ef illa gengur bæta menn bara á sig meira púli, í staðinn fyrir að staldra við og reyna að beita vitsmunum til að ná hagkvæmni og vinnusparnaði.

Málsháttur sem við þyrftum að hafa meira í huga er að "meira vinnur vit en strit", og á hann enn frekar við nú er þjóðfélagið hefur gerst flóknara og tölvur eru tiltækar til að hjálpa okkur við huglægan þátt verkefna.

Arum saman reyndi ég að fá opinbera íslenska aðila til að leggja fram nokkrar krónur til þessa verkefnis sem hér birtist -

en án árangurs. Attu þetta þó að heita fulltrúar skipulegra
hugsunar í Vísindasjóði og Skipulagsstjórn ríkisins.

Að öllu þessu athuguðu er ég ekki bjartsýnn á árangur þess
að kynna hugmyndir um skipulag sem reynir að leggja grunn að
stefnu sem ber ekki ávöxt fyrr en eftir mörg ár eða kannski marga
áratugi.

Ég tel þó að við höfum á síðustu árum fengið það harkaleg
áföll á okkur - áföll sem mjög auðveldlega má rekja til
skipulagsleysis - að viss grundvöllur sé e.t.v. að myndast fyrir
því að menn vilji gefa hugmyndum sem miða að fyrirbyggju (og
þá jafnvel langtímafyrirbyggju) gaum.

Hér þurfa að koma til framsýnir stjórnámálamenn og
fjölmiðlamenn að vinna málinu fylgi. Ég lít með sérstöku
vonarauga til þess að nú hafa efnahags- og verðbólgu­mál
lagast og stjórnámálamenn því ekki eins rígbundnir við að
bjarga málunum frá degi til dags.

Mín von er því sú að fyrirbyggju- og framtíðarmál í skipan
byggðar og nýtingu lands fái góða umfjöllun fyrir Alþingis-
kosningarnar í vor og því kem ég þessum gögnum og ábendingum
á framfæri núna þannig að þau geti orðið til að landsskipulag
verði að föstum þætti í íslenskri þjóðmálaumræðu.

2. Gagnrýni á núverandi tókum

Umræða um byggðamál í landinu hefur hingað til ýmist verið rekin undir heitunum "Byggðastefna" eða "Landnýting".

Ég mun hefja þessa umræðu hér með að benda á þá galla sem eru tengdir þeim aðferðum sem þessi tvö heiti standa fyrir.

Aðalgallinn við byggðastefnuhreyfinguna er að hún er byggð á tilfinningalegum grunni; fyrir henni var almennur hljómgrunnur með þjóðinni þannig að lítill þrýstingur var á stjórnámálamönnum að bera fram hagræn og skipuleg rök fyrir því sem þeir lögðu til, til eflingar byggðastefnu.

Gárungarnir sögðu á tímabili að nóg væri að koma til Reykjavíkur, segjast vera utan af landi, og þá væru nánast umyrðalaust veittir peningar út á næstum hvað sem mönnum datt í hug að biðja um; hafnir, flugvelli, frystihús, togara o.s.frv.

Smám saman hafa orðið til markvissari aðferðir til að meta hvað af byggð þarf helst að halda í og hvað beri að styrkja öðru fremur. Má jafnvel segja að til sé orðinn vísir að vísindalegri, hagrænni byggðastefnu.

Galli á þessari stefnu í dag er sá helstur að hagrænu sjónarmiðin miðast mjög við skammtímasjónarmið en oft er þess ekki gætt að þeir staðir sem styrktir eru séu eðlilegir kjarnar sé litið til almennra landkosta til lengri tíma. Vegna skorts á heildarramma skipulags hefur verið erfitt að meta hver staða kjarna verður í heild framtíðarbyggðakerfis.

Sá galli að hafa ekki gert upp á milli svæða t.d. eftir hæfni þeirra til landbúnaðarframleiðslu er styrkir voru veittir leiðir til þess nú, þegar draga þarf saman, að þynningin skemmir fyrir í flestum sveitum landsins.

Ekki virðist sem bændasamtök og stjórnvöld ætli að hafa kjark til að leggja niður búskap sérstaklega á lökustu svæðunum. Væri sérstaklega þörf á að láta hér koma inni hvar afréttarlönd eru ofbeitt, því eins og Ingvi Þorsteinsson grasafreðingur hefur bent á mjá stöðva gróðureyðingu með friðun, og ennfremur að næg beitarlönd eru til annars staðar en þar sem gróðureyðingin fer fram.

Samkvæmt þessu álitni mætti spara mest af því mikla fé sem fer til landgræðslu, með stjórnun og skipulagi.

Ef fara á út í stjórnun landnýtingar af þessu tagi þarf nákvæma úttekt á því hve mikið landið ber af búpeningi.

Starf af þess konar úttekt var framkvæmt af "Nefnd um landnýtingaráætlun" árið 1985. Kom út skýrslan "Landnýting á Islandi" í maí 1986.

Skýrslan er mjög þarft og jákvætt átak en því miður virðist mér birtast í henni ónógur skilningur á hlutverki landsskipulags. Á bls. 100 segir:

"Í slíku skipulagi eru vegnar saman kröfur um umhverfisvernd og ýmis not af landi og landgæðum. Vel heppnað landsskipulag getur skapað grundvöll fyrir heildarstjórn umhverfismála, þar sem hagræn sjónarmið, heilsufarssjónarmið og verndar- og friðlýsingarsjónarmið eru fléttuð í eina heild."

Tónninn í þessu er sem sagt sá að leita meðaltals en ekki að koma með djarfar hugmyndir um hugsanlegar enduruppstokkanir.

Mín skoðun er sú að rétt sé að byggja á skoðun meginkerfa í byggðamynstri landsins, og færir þetta rit fram og rökstyður þá skoðun að við búum við úrelt byggðamynstur í landinu þar

sem er byggð og vegakerfi sem er eins og kragi í kringum landið.

Mín skoðun er að þvertengingar byggða yfir miðju landsins með vegum sé raunhæft framtíðarmynstur. Ef þetta dæmist rétt vera með ýtarlegum könnunum, breytast öll viðhorf til stöðu svæða og nýtingar lands gersamlega. Ef þetta viðhorf mitt dæmist rétt er það alrangt að fara nú að gera landnýtingaráætlun út frá núvrandi úreltu byggðamynstri.

3. Um landsskipulag

Í þessum kafla ætla ég að draga saman ýmis gögn sem geta varpað ljósi á eðli landsskipulags og síðan nefna ýmist það sem mælir með því að hafist verði handa um slíkt skipulag á Íslandi.

Í bókinni "27 slags planner" frá SBI í Kaupmannahöfn er rætt um eðli og framkvæmd landsskipulags í Danmörku. Eftirfarandi texti er lýsing á eðli landsskipulags sem ég hef raðað saman úr þýddum málsgreinum úr bókinni:

Landsskipulag er túlkað af hinu opinbera sem physískt skipulag sem heyrir undir Landsskipulagsnefndina og nær yfir landið allt og er samræmingaraðili fyrir ýmsa málaflokka.

Í reglugerðinni um Landsskipulagsnefndina eru eftirfarandi málaflokkar tilnefndir í könnunarvinnu: náttúruaðstæður, landfræðileg dreifing íbúanna, atvinnustarfsemi, byggðir, samgöngur og "aðrar hagrænar" aðstæður.

Nafnið (landsskipulag) er stundum notað einnig á nokkuð villandi hátt um einstaka málaflokka sem ná til landsins í heild svo sem sjúkrahúsa, vega o.s.frv.

Ríkisstjórnin ákvað árið 1961 að mynda þessa Lands- skipulagsnefnd sem rætt var um hér að framan, nefndin fékk tæknilið sem stækkaði fljótt . . . Þegar árið 1962 var sett fram bráðabirgða Svæðaskipulag fyrir Danmörku.

Svæðaskipting skipulagsins er eftirfarandi: Svæði 1: Bæja- og iðnaðarsvæði. Svæði 2: Ahugasvæði fyrir bæi og iðnað. Svæði 3: Ahugasvæði fyrir sumarbústaði og friðun. Svæði 4: Hrein landbúnaðarsvæði.

Landsskipulagið á að vera samkvæmt grundvallarreglu "yfirordnað" og hin samtengjandi skipulagning fyrir hin ýmsu svið landsmála . . . Sem grundvallarregla á líkan hátt verður landskipulagið einnig að hafa yfirordnaða stöðu gagnvart skipulagi í hinum ýmsu málaflokkum (sektorplanlægning).

Landsskipulagsnefndin er stjórunarlega staðsett undir íbúðarmálaráðherra, en samanstendur af fulltrúum (sem flestir eru af deildarstjóragráðu) fyrir hin 13 ráðuneyti og hinar stærri stjórnarstofnanir.

"Ný borg" er framlag (frá skrifstofu nefndarinnar) til stefnumótunarumræðu um stórborg við Litlabelti sem mótvægi við höfuðborgina. Innihald skýrslunnar er lýsing á því að skipu- lagslega er mögulegt að skapa góða stórborg á þessum stað, sem næði einnig til Frederica, Kolding og Vejle.

Hér lýkur endursögninni úr bókinni um landsskipulag í Danmörku. En lítum nú á ummæli ýmsra áhrifamanna á Íslandi um þörf á heildarskipulagi í gegnum tíðina.

"Rökrænt áframhald landshlutaáætlana virðist vera að landshlutaáætlanir þessar verði samræmdar innbyrðis og myndi

síðan, ásamt væntanlegri framkvæmdaáætlun ríkisins, kjarna í alhliða skipulagsáætlun fyrir landið í heild - hún gæti orðið stefnumarkandi um þróun byggðar í landinu."

". . . að meiri kraftur væri lagður í landshlutaáætlanir en nú er og að rannsóknir og gagnasafnanir sem nauðsynlegar eru við gerð heildarskipulags og framkvæmdaáætlunar fyrir landið allt, yrðu auknar eftir því sem kostur er."

Zóphónías Pálsson, (á ráðstefnu vegna
50 ára afmæli skipulagslaganna 1971)

"Ríkisvaldið verður að skilja að skipulag í víðtækri merkingu er eitt af þýðingarmestu hagstjórnartækjum ríkisins."

Bjarni Einarsson (á ráðstefnu vegna
50 ára afmæli skipulagslaganna 1971)

"Bókin er þannig framlag til myndunar heildaryfirsýnar yfir eitt mesta þjóðfélagsvandamál síðustu áratuga - (þ.e. byggðaröskunarinnar)."

Askell Einarsson (í bók sinni "Land í mótun",
útg. af SUF 1970)

"Land í mótum hefur umræður um byggðamál og byggðapróun á herra stig en þær hafa verið áður . . . , ætti hún að hvetja fræðimenn jafnt sem forystumenn á hinum ýmsu sviðum þjóðlífsins að plægja þennan akur enn frekar. Fátt yrði íslenskri þjóð til meiri blessunar en slík straumhvörf í meðhöndlun þessara mála."

Olafur R. Grímsson (í formála að
Land í mótun, útg. af FUS 1970)

"Með hugleiðingunum hér að framan er reynt að setja fram á kerfisbundinn hátt tillögur um, hvernig hafa megi jákvæð áhrif á þróun byggðar í landinu. Þyrfti að mynda umræðunefndir sérfræðinga samgangna og atvinnulífs til að gera tillögur um eðlileg þróunarsvæði og uppbyggingu þeirra."

Valdimar Kristinsson (í "Þróunarsvæði á Íslandi"
í Fjármálatíðindu 3 '63)

"Náttúruverndarþing 1978 vekur athygli á nauðsyn þess að skipuleggja notkun lands og nýtingu auðlinda með heilbriggt umhverfi og þarfir komandi kynslóða í huga. Ráðstöfun lands og náttúrugæða getur haft áhrif um langa framtíð . . ."

Úr ályktun Náttúruverndarþings 1978

Það sem ég tel fyrst og fremst rangt ályktað í þessum annars góðu ummælum er að heildarskipulagið sé "rökrétt áframhald landshlutaáætlana".

Ég tel þessu þurfi að vera þveröfugt farið: fyrst þurfi að vera til drög að heildarhugmynd og að landshlutaskipulögin lagi sig síðan að þeim heildarramma.

Hér á eftir mun ég að síðustu telja fram þau rök sem ég tel mæla með að gert sé landsskipulag á Íslandi. Mörg þessara atriða benda á að í fáum löndum sé jafn auðsýn rök fyrir þörfinni á að gera landsskipulag en einmitt á Íslandi.

1. Hér búum við, við ýmsar jarðhættur sem nánast þekkjast ekki í Evrópu. Þessar jarðhættur er hægt að skilgreina og kortleggja tiltölulega mjög vel. Dæmi:

- jarðskjálftasvæði

- hraunasvæði
 - öskufallssvæði
 - jökulflóðasvæði
2. Við búum við veðurfarshættusvæði sem eru nokkuð vel skilgreinanleg:
- hafíshættusvæði
 - sviftivindasvæði
- (Áhrifasvæði veðurhættu erlendis t.d. vegna hvirfilvinda og flóðöldu af hafi, eru aftur á móti það breytileg og óljós að þar eru minni möguleikar á að taka tillit til þeirra í skipulagi).
3. Rekstur landbúnaðar er svo víða nálægt mörkum hins ómöglega hér á landi að það afmarkast allnákvæmlega hvar einhver (og þá hvers konar) landbúnaðarekstur er mögulegur. Dæmi um krítíska áhrifaþætti:
- úrkomumagn
 - hitastig (þ.e. hæð yfir sjó)
4. Ýmis landgæði hér á landi eru þess eðlis að þau eru aðeins nýtanleg fyrir byggð sem er nálægt þeim vegna erfiðleika á flutningum. Dæmi:
- heitt vatn
 - kalt vatn
 - byggingarmöl
5. Hér er landnæði mikið í opinberum höndum og stjórnun uppbyggingar gæti verið það líka. (Andstætt dæmi eru t.d. Bandaríkin þar sem ríkið getur tiltölulega lítið stjórnað þessu og því til lítils að reyna að vera með tilburði í þá átt).

6. Við búum hér enn í tiltölulega lítt numdu landi og lítið farið að nýta auðævi þess, t.d. orkuna. Þetta gefur betra tækifæri til að skipuleggja þessa uppbyggingu þegar "í fæðingunni" heldur en er í "fullnumdum" löndum þar sem menn verða að búa við núverandi þéttbýlis- og vegastrúktúr hvort sem þeim líkar betur eða verr.
7. T.d. vegna vatnsafls- og sjávarfallavirkjana svo og vegna túrisma (náttúrufegurð o.fl.) er nauðsynlegt nú þegar að taka frá svæði til þess að útiloka ekki þróunarmöguleika á þessum miðum fyrir framtíðina.
8. Vegna þess að hin sjálfvirka skipulagning sem leiðir afmismunandi kostnaði og áhættu eftir landsvæðum s.s. jöfnun á mjólkur- og rafmagnsflutningskostnaði olíustyrkur og viðlaga- og harðindauppbætur - hefur verið tekin úr sambandi í mjög ríkum mæli hér á landi - er enn frekar þörf á skipulagi og lánastefnu sem tekur mið af hagkvæmni og áhættuþáttum svæða.

II. Gögn - og almennar niðurstöður

1. Gagnasöfnun - og listi yfir helstu byggðaforsendur

Fyrsta skref mitt fyrir 12 árum í vinnslu þess verkefnis sem þetta rit segir frá, var að skrifa niður lista þeirra náttúrufarsforsendna sem mér virtust geta haft mest áhrif á þróun hugmynda um hvernig byggð mætti best þróast á landinu í framtíðinni.

Mikilvægustu atriði til að gera sér grein fyrir og kortleggja, eru þau svæði þar sem hægt er að finna jarðvarma af nægilegum hita og nægilegu magni, því að í þeirri olíukreppu sem koma mun (og stjórnámálamenn og almenningur hafa gleymt í augnablikinu) munu svæði utan jarðhitasvæða verða nánast óbyggileg.

Sé litið til neikvæðra atriða þá eru þau svæði þar sem mikil hætta er á jarðskjálftum, flóðum, hraunrennsli og öskufalli, óhæf til byggðapróunar. Líkur á tíðni þessara náttúruhamfara þarf að koma hér inn í og er það erfiður þáttur í þessu starfi, en svæðin þar sem líkur eru á hamföllum er tiltölulega auðvelt að marka inn á kort.

Náttúruvísindamenn hafa unnið gífurlega mikilvægt starf á síðastliðnum áratugum, og einungis fyrir tilverknað slíks undirbúningsstarfs er skipulagsmanni mögulegt að búa til kort sem túlka hvaða áhrif hinar ýmsu jarðnytjar eða jarðhættur geta haft á hversu skynsamleg þróun hinna ýmsu svæða landsins er, þegar litið er út fyrir þann þrönga hring sem maður sem hefur ekki þessi gögn í hömlum er fær um að skynja.

Aður en ég tel upp öll þau náttúrufars, veðurfars og hagrænu

atriði sem geta haft áhrif á hver er aðstaða fyrir ýmsar tegundir af starfsemi á svæðinu er rétt að gera nokkra grein fyrir aðferðinni sem ég nota við túlkun gagnanna.

Aðferð þessi er kölluð "lay-over" eða glæruaðferu og byggist á kortateiknun á glært plast. Þessi aðferð er orðin algeng víða um lönd og í dag eru oft notaðar tölvur við að prenta hina mismunandi gæðaflokka í mismunandi dökkum gráum tónum. Tölvun getur líka prentað svona kort hvert ofan á annað þannig að hin myndræna samlagning kemur þar einnig fram. Kostur við tölvu er að auðvelt er að breyta kortunum eftir því sem nýjar upplýsingar fást og einnig er auðvelt að búa til ný kort með kennitölum þar sem sýnt er t.d. fjöldi fjár á hvert svæði miðað við flatarmál beutilands o.s.frv. o.s.frv. Tölvukort er það sem koma skal.

Ég teiknaði mín kort í mælikvarðanum 1 á móti milljón en minnkanirnar eftir þeim í þessu riti eru 1 á móti þremur milljónum, sem er níföld minnkun.

Glæruaðferðina notaði ég fyrst við könnun á náttúrufarsforsendum á Úlfarsfellssvæðinu í Reykjavík við undirbúning á aðalskipulagi fyrir það svæði. - Helstu einkenni glæruaðferðarinnar eru eftirfarandi:

Matsatriðunum er skipt niður í gæðaflokk og útilokunarflokk.

Í útilokunarflokk koma þau svæði sem ættu að öðru jöfnu að teljast ónothæf vegna mikillar áhættu og einnig þau svæði sem þegar er búið að ráðstafa eða taka verður frá vegna framtíðarsjónarmiða (t.d. náttúruvernd og uppistöðulón fyrir virkjanir). Með að leggja saman þessar glærur afmarkast þau svæði sem ekki ætti að reikna með fyrir byggð eða fyrir viðkvæm mannvirki.

Í gæðaflokknum er landinu skipt niður í 3 eða 4 matsflokka

og fá þeir á glærunum skyggningu eftir þýðingu sinni, þar sem besti flokkurinn er dekkstur. Sá um hættuflokkun að ræða fær sá flokkur þar sem hætta er minnst, dekksta skyggningu.

Þegar gæðaglærurnar eru lagðar saman kemur fram hinn sérstaki kostur glæruaðferðarinnar, að svæði sem hafa bestu skilyrði sameiginlega útfrá tveimur eða fleiri matsatriðum verða dekkst, og andstætt þessu; þau svæði sem eru óhentugust eða þar sem hættur eru mestar koma út ljósast.

Að sjálfsögðu má túlka þetta einnig tölfræðilega, t.d. með að gefa hverjum matsflokki ákörtunum einkun, en síðan tengja hin ýmsu svæði mismunandi heildareinkunn með samlagningu.

Glæruaðferðin hefur þó sem slík mikla kosti í sambandi við móttun skipulags- eða byggðahugmynda og eins ef t.d. ætti að kortleggja hættusvæði útfrá "kombíneruðum" hættum.

Skýrslan sem ég ritaði um kortin sem ég lauk við með aðstoð styrksins frá CCMS í Brussel er á ensku og birtist aftur í þessari bók, í kafla IV 2.

Í þessari skýrslu er fjallað ýtarlega um hluta kortanna og þaðhvernig ég ákvað matsflokkunina. Umfjöllunin um kortin samanstendur af eftirtöldum fjórum atriðum:

- a) Matsaðferðin
- b) Þýðing þáttanna
- c) Nákvæmnisgráða
- d) Skipulagsályktanir

Vinnuaðferð mín hefur í flestum tilfellum verið sú að ég hef kynnt mér helstu gögn um áhrifaþættina og þróað með mér hugmyndir í viðræðum við sérfræðinga. Að þessu loknu hef ég jafnan gert uppkast að svæðaskiptingu grundvallaða á skilgreiningum matsflokkanna og síðan fengið fram álit á svæða-

skiptingunni. Á grundvelli athugasemdanna hef ég síðan gert breytingar eftir því sem þær gáfu tilefni til.

Þetta á vinna áfram á svipaðan hátt, með að birta þessi kort sem hugmyndir að svæðaskiptingu matsflokka en ég er þeirrar skoðunar að menn þurfi oft langan tíma, jafnvel ár, til að átta sig til fulls á svæðaskiptingu af þessu tagi. Jákvætt gæti verið að mótun afstöðu okkar gagnvart jarðnytjum, eða þá hättupáttum landsins, verði hluti af umræðu um tilhögun búsetu og framkvæmda í þessu landi.

Eftirfarandi listi greinir frá mikilvægustu gagna- og vinnslukostum fyrir landsskipulag að mínu mati. Kortin sem ég hef lokið við og birt eru í þessari bók (mikilvægustu kortin) eru merkt með stóru X-i og þau kort þar sem verulegur hluti gagnasöfnunar hefur farið fram (en kortin ekki enn verið teiknuð) eru merkt með litlu x-i.

Jákvæðisathugun (+)

Veðurfar

- X 1 Hlý svæði í júlí
- x 2 Hlý svæði í janúar
- x 3 Hár sumarhiti
- x 4 Fáir snjó dagar
- x 5 Lítið snjóálag

- X 6 Lítil úrkoma
- 7 Gott skyggni
- X 8 Sólgeislun í júní
- x 9 Mest sólgeislun á ársgrundvelli
- 10 Skjólgóð svæði
- 11
- 12

Náttúruauðlindir

- 13 Góð ræktunarjörð I
- 14 Góð ræktunarjörð II
- 15 Nálægð við góð landbúnaðarsvæði
- 16 Nálægð við byggingaefni
- 17 Nálægð við kaldavatnslindir
- X 18 Nálægð við lengri lághita
- X 19 Nálægð við hitaveitusvæði
- X 20 Nálægð við háhitasvæði
- 21 Nálægð við vatnsvirkjanasvæði
- 22 Nálægð við sjávarfallavirkjanir
- 23 Nálægð við vindorkusvæði
- x 24 Nálægð við fiskimið I
- x 25 Nálægð við fiskimið II
- x 26 Nálægð við fiskimið III
- 27
- 28

Litlar náttúruhættur

- X 29 Lítil jarðskjálftahætta
- X 30 Lítil öskufallshætta I
- X 31 Lítil öskufallshætta II
- x 32 Lítil hraunflóðshætta
- X 33 Lítil hafíshætta
- 34

Nálægð við mikilvæg svæði

- x 35 Nálægð við góð hafnarsvæði
- 36 Nálægð við góð flugvallasvæði
- 37 Nálægð við góð vegasvæði
- 38 Nálægð við falleg svæði
- 39
- 40

Neikvæðisathugun (-)

Neikvætt vegna landshátta

- X 1 Ekki hæft fyrir venjulega byggð (yfir 300m)
- X 2 Engin ræktun möguleg (yfir 600 m)
- 3 Ekki hæft vegna fjalllendis
- 4 Ekki hæft fyrir þéttbýlissvæði
- 5 Vötn, jöklar og hugsanl. útfærsla þeirra
- 6
- 7

Náttúruhættur

- X 8 Mikil jarðskjálftasvæði
- X 9 Mikil öskufallshætta
- 10 Mikil hraunflóðshætta I
- X 11 Mikil hraunflóðshætta II
- X 12 Mikil hraunflóðshætta III
- X 13 Mikil flóðahætta
- 14 Sviftivindasvæði
- 15
- 16

Frátekin svæði

- X 17 Náttúruverndarsvæði
- 18 Vatnsverndunarsvæði
- X 19 Uppistöðulón vatnsvirkjana
- 20 Firðir fyrir sjávarfallavirkjanir
- 21 Firðir sem vegir kynnu að loka
- 22
- 23

Neikvæð efnahagsleg atriði

- 24 Svæði fjarri jarðhita
- 25
- 26

Samantektarkort

- I Bestu veðurskilyrði fyrir byggð
 - II Bestu veðurskilyrði fyrir skíðamiðstöð
 - III Best út frá náttúruauðlindum
 - IV Minnstar náttúruhættur
 - V Sammengi I og II
 - VI Sniðmengi III og IV
- o.s.frv.

Upplýsingakort

- X A Hæðalínukort
 - B Núverandi vegakerfi
 - C Háspennuraflínukerfið
 - D Dreifing fólksfjöldans
 - E Þéttbýlisstrúkturinn
- o.s.frv.

Skipulagshugmyndir


og könnun þeirra

- X a Hálendisvegakerfi og Háborg
 - X b Raunverulegar vegalengdir
 - X c Nálægð svæða við Háborg
- o.s.frv.

Alls nær þessi listi til 61 korts

2. Kortin - og almennar niðurstöður

Flokkun mín í matsflokka á glærunum (kortunum) felur þegar í sér nokkurt mat á því hvað frumgögnin segja til um. Sem dæmi um þetta má nefna jákvæðiskortið +19 "Nálægð við hitaveitusvæði". Jarðhiti er lang mikilvægasta byggða-forsendan og því er þessu korti lýst hér fyrst (hefur líka einn dekkri matsflokk en önnur kort).




+19 NÁLEGG VÍÐ HITAVÆÐI (Nearness to thermal heat for houses)

Á þessu korti koma í fyrsta flokk háhitasvæðin (dekksta skygging), en síðar er flokkalækkun vegna minnkunar á vatnsmagni og aukinnar vegalengdar frá uppsprettusvæðunum. Innan svæða í

Þriðja flokki eru engin eða óveruleg jarðhitasvæði og þau fá gildi sitt aðeins vegna þess að þau eru ekki lengra frá jarðhitasvæðunum en svo að þangað mætti leiða vatn með hagkvæmum kostnaði, en þá aðeins fyrir allmikla byggð. Lögum svæða sem teljast mundu geta notið hitaveitu tekur mið af landslagi, því að yfir breiðar ár og um mjög hæðótt og vogskorið land er dýrt að leggja leiðslur.

Við skulum nú halda áfram stuttaralegri skoðun á hinum ýmsu byggðaforsendukortum, en nú í rétttri númeraröð.




• NOTIST EKKI ÁN SKÝRINGA
(Not to be used without explanations)
• SAMSTARFSMAÑNA ER DETH Í TEXTA
(Collaborators are named in the text)

+1 HLÝ SVÆGI | JÚLÍ (Warm areas in July)

Kort +1 sýnir hlý svæði í júlí og er numið eftir gögnum frá Veðurstofunni eins og önnur veðurfarskort.

Hiti ræðst mjög af hæð yfir sjó og eru láglandissvæðin á Suðurlandi, SV-landi og Vesturlandi áberandi stærst í fyrsta flokki. Hiti hefur mikil áhrif á ræktunarmöguleika og velliðan fólks. Þó hafa lognskilyrði enn meiri áhrif á velliðan.


Hvað skilyrði til ræktunar varðar verður líka að taka tillit til svæða þar sem hætta er mest á hafískomu. Þegar hafís leggst að, lækkar hitastig gífurlega á næstliggjandi svæðum. Þó hafísár séu fá (sérstaklega á þessari öld, sem er undantekning) geta þau kolfelld möguleika atvinnugreina í ræktun á tilteknum svæðum. Þannig hefur það t.d. verið í hafísárum sums staðar fyrir norðan, á umliðnum öldum, að kartöflur hafa ekki náð að vaxa vegna kulda og útsæðið verið tekið upp að nýju á haustin og étið.



*4 FÁR SIJÓÐAGAR (Few days with snow)

Kortið +4 sýnir þau svæði, þar sem snjódagar eru fæstir. Í fyrsta flokk fer SA-hornið, en Suður-, Vestur- og NV-land fara í annan flokk.

Fjöldi snjódaga hefur áhrif á ræktun sem og velliðan fólks, en segir aftur á móti mjög lítið um kostnað af snóruðningi því þar er það fyrst og fremst snjómagnið sem ræður. Þannig hefur t.d. miðhálandið sem hefur flesta snjódaga en minnsta úrkomu ekki mikið snjómagn.



0 10 20 30 40 50 60 70 80 90 100 km


• NOTIST EKKI ÁN SKÝRINGA
(Not to be used without explanation)
• SAMSTARFSMAKNA ER ÖÐIÐ Í TEXTA
(Collaborators are named in the text)



+6 LÍTIL ÚRKOMA (Little precipitation)

Úrkomukortið (+6) setur þau svæði í fyrsta flokk sem hafa minnsta úrkomu. Er það miðhálandið, Norðurland og NA-land.

Mest er úrkoma í því fjalllendi og þeim hliðum jökla sem snúa á móti mestu úrkomuáttinni; SA-áttinni. Að baki slíks fjalllendis eru úrkomuskuggar. Mest er úrkoman í Vatnajökli um 4 m á ári, en minnst norðan hans um 40 sm á ári.




+8 SÓLGEISLUN Í JÚNÍ (Global radiation in June)

Kort +8 sýnir magn sólgeislunar. nokkur tengsl eru milli þess að svæði hafa litla rigningu og hafi mikla sól. Dæmi um þetta eru Mývatnsöræfin. Undantekning er svæðið umhverfis og norðan við Mýrdalsjökul, þar koma duglegar skúrir en svæðið býr þó að jafnaði við meiri heiðríkju og sólfar en önnur svæði á Suðurlandi.

Mikil sólgeislun er mikilvæg forsenda fyrir gróðurhúsarækt ásamt nálægð við markað og mikinn jarðhita. Jarðskjálftar koma aftur á móti sem neikvæður þáttur eins og t.d. í Hveragerði og víðar (sjá kort -8).

16



- NOTIST EKKI ÁN SKÝRINGA
(Not to be used without explanation)
- SAMSTARFSMAÑNA ER SEÐIÐ Í TEXTA
(Collaborators are named in the text)

+16 NÁLÆGD VÍÐ BYGGINGAREFNI (Nearness to concrete m)


Kortið nálægð við byggingarefni (+16) er unnið í samvinnu við Sverri Scheving Thorsteinsson á Rannsóknarstofnun Byggingaríðnaðarins. Mest er malarmagnið á söndunum á suðurströnd landsins og meðfram straumhörðustu ám sem eru eins og vélar sem mala nýtt grjót í sífellu.

Á öðrum svæðum á landinu er malarnám tæmanleg landgæði. Hefur SV-horn landsins orðið illilega fyrir bardinu á þessu og

hefur leitt til malartöku úr sjó sem svo aftur hefur orðið orsök þess að alkalískemmdir eru víða gífurlegar í mannvirkjum.

Svæði meðfram stærstu ám fyrir norðan, austan og sunnan og við suðurströndina eru best sett út frá þessari byggðaforsendu. Á þessum svæðum er óhætt að reikna með mikilli byggð í framtíðinni án þess að hætta sé á malarþurrð.

18




+18 NÁLEGGI VIÐ LÆGRI LÁGHITA (Nearness to the lower lowheat)

Auk góðu hitaveitusvæðanna sem sýnd voru á korti +19 eru til allnokkur lághitasvæði. Lághita má nota til húshitunar, með nokkuð minni hagkvæmni, en sérstaklega enn meiri takmarkanir á möguleikum á að dreifa honum um svæði vegna kólnunar í

fiskirækt.

20



- NOTIST EKKI ÁN SKÝRNINGA
Do not to be used without explanation
- SAMSTARFSMAÑNA ER GETIÐ Í TEXTA
Collaborators are named in the text

+20 HÁLEGGIÐ VEG HÁHITASÆÐI (heatness to thermal power res)

Háhitasvæðin (kort +20) eru sýnd hér á sér korti (dökkir hringir) til að sýna þau svæði þar sem hægt er að koma upp gufuafflsvirkjunum eða annarri iðju sem nýtir háhita. Svæðin með ljósari skyggingu sýna svæði og héruð sem gætu haft not af háhitinum (sé um stóra notendur að ræða).


Háhiti er á mestu eldvirku svæðinum þannig að miklar hættur tengjast því að ráðast í að nýta hann. Þó er það ekki svo að áhættan sé ekki mismunandi eftir svæðum, t.d. er tekur til hverjar líkur eru á jarðhæringum, hraunflóði, öskufalli o.s.frv.

Jarðvísindamenn eru mjög tregir að láta slíkt mat fara frá sér fyrir verkefni mitt því þar er ekki hægt að komast hjá miklum getspám. Auk þess geta þeir komið sér í ónáð hjá stjórnámálamönnum sem vilja geta ákveðið svona framkvæmdir útfrá því hvað þjónar þeirra pólitísku markmiðum best hverju sinni.

Ég hef sett sjálfur upp lista yfir háhitasvæðin og merkt inn hverjar eru hinar ýmsu jarðhættur á hverjum stað, útfrá ýmsum skýrslum.

Jarðvísindamenn hafa litið á listann og telja hann ekki fjarri lagi. Það var undarleg upplifun að sjá að Kröflusvæðið er með áhættumestu svæðunum og að það eru til mörg háhitasvæði - t.d. við Langa-, Hofs- og Vatnajökul - þar sem áhættan er miklu minni


29



Kortið Lítil jarðskjálftahætta (+29) er byggt á staðli um jarðskjálftastuðla sem tók gildi 1976. Eg hef dálítið stækkað lakasta svæðið á Suðurlandi og bendi með punktalínu á líkleg jarðskjálftasvæði við Langjökul, norðan við Vatnajökul og við Kröflu, (sjá nánar greinargerð á ensku á bls. 80).

Vestfirðir og Austfirðir búa við mest öryggi er tekur til jarðskjálfta en mest er hættan á Mið-Norðurlandi, í Borgarfirði og á Suður- og SV-landi (sjá allra verstu svæðin á korti -8).

30



- NOTIST EÐG ÁN SKÝRNINGA
 (Not to be used without explanation)
- SAMSTARFSMAÑNA ER GETHIÐ Í TEXTA
 Collaborators are named in the text!


+20 LÍTIL ÖSKUFALLSHÆTTA I (Little danger from volcanic ashes I)

Svæði þar sem minnst hættu er á öskufalli eru sýnd á korti +30. Bestu svæðin að þessu leyti eru Austfirðir, Vestfirðir, NV-land og Borgarfjörðurinn. Mest er hættan á Mývatnsörævum og á

svæði milli Heklu, Mýrdalsjökuls og Vatnajökuls. Öskufallshættan er neikvæður þáttur fyrir flestar tegundir framkvæmda og búskapar.

Byggð fór í eyði í Þjórsárdal út af öskufalli frá Heklu árið 1104 og í Öræfasveit við risagos í Öræfajökli árið 1362.

Sem afleiðing af Lakagígagösinu, sem hófst 1783, drapst 58% nautpenings, 83% sauðfjár og 72% hesta í landinu. Landsmönnum fækkaði um 20% (11 þúsund) í hungursneyð og öðrum plágum sem sigldu í kjölfar gössins, (sjá nánari greinargerð á ensku á bls. 86




•31 LÍTIL ÖSKUFALLSHETTA II (LITTLE danger from volcanic ashes II)

Risagos sem framleiða mikið magn af ösku eru sjaldgæf. Líkur á slíku gosi eru t.d. 200-300 ár í Heklu en aftur á móti 1000-

2000 ár í Öskju, Öræfajökli, Veiðivötnum og Lakagígum.

Ut af þessu bjó ég til annað öskufallskort (+31) þar sem hættusvæði eru fyrst og fremst sýnd við hinar virkari eldstöðvar. Eftir sem áður er það fyrst og fremst Mið-Suðurland og Mývatns-öræfi sem búa við mesta hættu, en hættusvæðin eru minnkuð á Reykjanesi og Snæfellsnesi (sjá greinargerð á bls. 91).

33



• NOTIST EKKI ÁN SKÝRINGA
(Not to be used without explanation)
• SAMSTARFSMAKNA ER SEIÐ Í TEXTA
(Collaborators are named in the text)

Ísland 1:3.000.000
HELSTU SVÖGÐARSENDUR Á ÍSLANDI
(Environmental features in Iceland)

33

TRUSTI VALSSON ARKITEKT FÁ
HÁLEITISBRÁTT 47 TEIKNIDRÖGN: APRÍL '80
105 REYKJAVÍK S 2133B BREYTT (ALT)

«33 LÍTIL HAFÍSHETTA (Little danger because of sea ice)


Kort +33 Lítil hafíshetta byggist á gögnum um það hvar hafís er tíðastur, hvar meðalhitastig lækkar mest í hafísárum og hvar svæði lokast tíðast af, af lagnaðarís í fjörðum.

Mér er það minnisstætt að Þór Jakobsson sagði að hafísdeild Veðurstofunnar hefði staðið frammi fyrir hamletísku vandamáli;

að vera eða vera ekki (hafisdeild), þegar ég bað um skiptingu strandlengjunnar í áhættuflokka er tekur til hafískomu. Mest er slík hætta á norðanverðum Vestfjörðum á Melrakkasléttu og á Langanesi.

Ræktunarsvæði á landi eru í hættu vegna lækkunar hitastigs, siglingar geta teppst vikum og jafnvel mánuðum saman og þar með líka fiskveiðar. Fiskihafnir verða að vera fyrir norðan og austan til að nýta miðin þar en með aðra starfsemi, sem er mjög háð ótrufluðum skipasamgöngum (eins og t.d. málmíðjuver) og getur verið hvar sem er á landinu er tekin mikil áhætta vegna byggða- jafnvægisjónarmiða með að staðsetja slíka starfsemi á þessum svæðum, (sjá nánar greinargerð á bls. 100).


2



- 2 EINGIN RÆKTUNGÓJULEG-YFIR 500M (No cultivation possible)

Nú tekur við flokkur korta þar sem sýnd eru svæði með dökkum lit þar sem höfundurinn telur venjulega byggð útilokaða í verulegu magni vegna tiltekinna aðstæðna.

Fyrsta kortið sýnir þau svæði þar sem engin ræktun er möguleg. Er hér miðað við svæði sem liggja ofar 600 m hæðarlínu.



• NOTIST EKKI ÁN SKÝRINGA
 (Not to be used without explanations)
 • SAMSTARFSMAHNA ER GETHÓ Í TEXTA
 (Collaborators are named in the text)

Ísland 1:3.000.000
 HELSTU BYGGÐAPÓSENDUR Á ÍSLANDI
 (Environmental features in Iceland)

TRAUSTI VALSSON ARKITEKT FÁ
 HÁLEITISBRAUT 47 TEIÐI (Drawn): MAÍ '80
 105 REYKJAVÍK S. 21239 BREYTT (Alt):


*B MIKIL JARÐSKJÁLFTAHERTTA (Much earthquake danger)

Næsta kort sýnir þau svæði þar sem ekki er ráðlegt að vera með mikið þéttbýli eða viðkvæma starfsemi (t.d. gróðurhús) sérstök ástæða önnur sé til þess. Flest landgæði á þessum svæðum, s.s. jarðhita, er einnig hægt að finna utan þeirra, á svæðum þar sem landrými er nóg.

Svo illa vill til að þéttbýlisstaðir á Suðurlandi liggja

margir á mestu jarðskjálftasvæðunum. Nýtt svæðaskipulag fyrir þessi svæði ætti því að reyna að byggja upp og styrkja þéttbýliskjarnann utan þessara mestu hættusvæða.

Áhættusvæði fyrir norðan eru ágiskun útfrá ófullkomnum gögnum. Mörgum kann að þykja það ábyrgðarleysi að setja slíka ágiskun fram en þetta er það sem skipulagsmenn verða oft að gera því þeir geta ekki látið sem hættan sé ekki til og verða að byggja á bestu tilgátu. Svona kort eru líka aðeins til almennrar leiðbeiningar og ekki ætlað að hafa gildi t.d. á við staðarkort (sjá frekari greinargerð á bls.107).




+ 9 MIKIL ÖSKUFALLSHETTA (Much volcanic ashes-danger)

Þetta kort sýnir þau svæði sem eru það nálægt öskugosseldstöðvum að lag fallinnar ösku í stóru gosi gæti orðið jafnvel margir metrar á dýpt. Nema sérstök ástæða sé til, er ekki rétt að byggja á þessum svæðum, en í staðinn má gjarnan reikna með þeim, frekar öðrum svæðum, til náttúruverndar og útivistar, (sjá greinargerð bls. 113).

Næsta mynd er samljósritun á þremur glærum sem sýna þrjá mismunandi áhættuflokka er tekur til hve miklar líkur eru á hraunflóði.

12




Þar sem hraunflóð yfir land er mjög eyðandi og vegna þess að í þessu mati mínu hér er miðað við ýtrustu kröfur um öryggi, er lagt til að öll "nýleg" hraunsvæði fari í útilokunar-

flokk er tekur til byggðar og meiriháttar framkvæmda.

Myndirnar á áhættuflokkunum hverjum um sig, ásamt greinargerð á ensku, er á bls. 113 og áfram.

Næsta kort (-13) sýnir svæði þar sem er mikil flóðahætta. Flóðahættan er þrenns konar: Meðfram jökulám sem eiga upptök sín undir jöklum þar sem eru virkar eldstöðvar (Mýrdals- og Vatnajökull) og svo þar sem árnar ná láglendi og dreifa úr sér (Skeiðarársandur, Mýrdalssandur og Landeyjasandur og svo fyrir norðan í Kelduhverfi og fyrir austan, í Hróarstungu).




*13 MIKIL FLÓÐAHÆTTA (Much flooding-danger)

Önnur hætta á flóði ú frá ám orsakast fyrst og fremst af klakastíflum og sjást á kortinu. Svo slysalega vill t.d. til


að á því flæmi sem Suðurland er, þurfti stærsti byggðakjarninn Selfoss endilega að hafa lent á flóðasvæði. Hér er þó frumræn orsakakeðja; bærinn óx þar sem brúin var byggð og brúin var byggð þar sem áin þrengist og þar sem því klakahröngl hleðst upp.

Þriðja tegund af flóðahættu er flóð frá sjó og eru slík svæði víðast á suðurströndinni, á vestanverðu Reykjanesi, á Mýrum, við Húnafljörð, Skjálfanda, Þistilfjörð og Héraðsflóa



-17 NÁTTÚRUGVERNÐARSVIÐI (Nature interests)


Næsta kort (-19) sýnir uppistöðulón vatnsvirkjana; bæði núverandi lón og lón sem ætla má að þurfi að gera í framtíðinni vegna virkjana. Valkostir í staðsetningu lóna takast þó oft á við önnur sjónarmið svo sem um bithaga og náttúruvernd. Fordæst skyldi þó í landsskipulagi að útiloka hagkvæma valkosti í legu lóna og því ber að halda nýrri byggð og framkvæmdum, frá þessum svæðum.



*19 UPPISTÖÐULÓN VATTNSVIRKJANA (Hydro power lakes)

Síðasta kortið í þessari upptalningu er hæðalínukort þar sem færð hafa verið vötn og sjávarlón sem dökkir fletir. Þessir

fletir eru útilokaðir fyrir byggð.



• NOTIST EKKI ÁN SKÝRINGA
(Not to be used without explanation)
• SAMSTARFSMAÑNA ER GETIÐ Í TEXTA
(Collaborators are named in the text)

Ísland 1:3.000.000
HELSTU GYFINGARÞEYNDUR Á ÍSLANDI
(Environmental features in Iceland)

TRALISTI VALSSON ARKITEKT F&E
HÁALEITISBRAUT 47 TEIKN (Drawn):
105 REYKJAVÍK S 31209 BREYTTI(AH):

A. HEDGALLI:UKORT (Topographic map)


Þegar skoðun á matsatriðum hverju um sig er nú lokið, tekur við að leggja glærurnar saman og sjá hvernig matsatriðin virka saman.

Eftirfarandi þrjú atriði eru þær mikilvægustu niðurstöður sem dregnar verða af slíkri samverkan, með hjálp glæranna:

1. Þau svæði sem hafa jarðhita en eru þó ekki á jarðskjálfta-svæði eða eldsumbroti hættusvæða eru mjög dýrmæt. Þessi

svæði sýna glærurnar mjög glögglega (aðal jarðskjálfta- og hrauna-glærurnar í samskoðun við jarðhitaglærurna).

10



2. Reyna skyldi að örva byggð og stuðla að þróun á þeim svæðum þar sem bestar aðstæður eru, og þá í hvers konar tilliti. Hér skal þess t.d. gætt að hinar ýmsu auðlindir séu til í miklu magni og ekki komi að því eftir stuttan tíma að þær væru fullnýttar t.d. hitasvæði, magn góðs vatns, og magn byggingarefna (gæðaglærurnar).

atriði eru til athugunar hverju sinni. Þannig er t.d. lítil jarðskjálftahætta og mikil sólgeislun mikilvæg fyrir ræktun í gróðurhúsum, en síður hitastig og úrkoma sem eru mikilvæg matsatriði fyrir ræktun undir beru lofti.

Glærur fylgja ekki þessu riti en auðvelt er að fá glærur eftir kortunum á ljósritunarstofum og getur þá lesandinn byrjað sjálfur svona vinnu með glærurnar og athugað stöðu tiltekinna svæða á landinu út frá þeim matsatriðum eða starfsemi sem hann óskar að athuga hverju sinni. Hér er sem sagt komið handhægt tæki fyrir alla þa sem vilja átta sig á möguleikum búsetu og starfsemi á hinum ýmsu svæðum, séð innan heildarramma möguleika á landinu öllu.

3. Megináhrifaþættir í byggðaþróun

Fyrsta regla í skipulagi þegar á að fara að athuga möguleika á byggð á landsvæðum er að kanna og kortleggja hvar og hvernig hinar ýmsu byggðaforsendur dreifast.

Í köflunum hér að framan fengum við yfirlit yfir helstu slíkar forsendur á Íslandi er tekur til jarðnytja og jarðhættna og jafnframt var bent í kortalistanum á aðrar stórar forsendur svo sem staðsetning stærstu vatnsorkuvinnslusvæða (Austurland) og skilyrði fyrir stórskipahafnir.

Í vinnu Staðarvalsnefndar fyrir stóriðju, voru hugmyndir um iðjugreinar sem byggja á miklu magni og því legu við stórskipahöfn, ráðandi.

Í skýrslu frá nefndinni 1981 dæmdust níu svæði hafa slík

skilyrði. Einkunina 6 fengu: Reykjavíkursvæði, Hvalfjarðarsvæði, Eyjafjörður, Reyðarfjörður og Suðurnes. Einkunnina 3 fengu: Húnavatnssýsla, Skagafjörður, Húsavíkursvæði og Arnessýsla.

Önnur matsatriði í skýrslunni voru náttúruskilyrði (útfrá tilteknum hráefnum, háhita eða slíku) og síðan fólksfjöldi, sem ég tel að ekki eigi að koma inn semforsenda þegar athugað skal með stórframkvæmdir sem ætlað er að leiðrétta jafnvægið í byggð landsins.

Nú skulum við segja sem svo að við séum komin með yfirlit yfir þá helstu þætti sem eru og geta verið helstu forsendur fyrir því hvar byggð og starfsemi geta þróast á landinu.

Næsta skref í skipulagsstarfinu er þá að reyna að átta sig á hvers konar mynstur þetta myndar. Við byrjuðum á því að athuga þetta í síðasta kafla og var bent á að lega jarðhitasvæðanna væri þar áberandi mikilvægust.

Eins og kunnugt er liggja þessi svæði á sprungubeltinu frá SV-horni landsins til NA-horns þess. Ýmsar aðrar frumforsendur byggðar, s.s. malarsvæði og víðáttumikil láglandi, tengjast þessari skálínu einnig.

Hér tel ég sem sagt komna meginlínuna sem framtíðarbyggðamynstur verður að byggjast á (sjá mynd).



Næsta stig á því að feta sig áfram í uppbyggingu rökfastrar hugmyndar um grundvallarmynstur fyrir skipan byggðar í landinu í framtíðinni, er að taka nauðsynina á jafnvægi í byggð landsins inn í málið. Nauðsynir á þessu jafnvægi þýðir t.d. að nægilega stórir þjónustukjarnar séu úti á landi til þess að byggð haldist og mið og önnur gæði nýtist. Þörfin á byggðajafnvægi út frá þessu sjónarmiði er svo kunn að hún verður ekki rædd hér.

Röskunin í jafnvægi í byggð landsins er orðin mjög mikil og býr nú um 70% þjóðarinnar á SV-horninu og fer enn vaxandi. Með þeim auknu kröfum um þjónustu og tengsl við fjölbýlishéruð o.s.frv. lítur orðið illa út með að slíkum kröfustöðlum verði náð, jafnvel á þéttbýlustu svæðunum úti á landi.


Megin vitleysan sem hefur verið gerð er að dreifa kröfunum um of, í stað þess að ákveða forgangssvæði, svæði með öll helstu byggðaskilyrði í góðu lagi, og sameina þar alla þá krafta sem tiltækir eru. Svo virðist geta farið vegna ofdreifingar kraftanna að flest byggðasvæðin úti á landi falli.

Mín skoðun er sú að ekki eigi að styrkja Vestfirði,

Melrakkasléttu, Langanes og Austfirði nema þá stærstu útgerðarstaðina.


Nú er komið að þeirri spurningu hvar mest skynsemin sé að ákveða forgangs- og þróunarsvæði fyrir framtíðina.

The next step is to make use of the transparencies by laying them over each other to see where the various positive or negative environmental features add up. The reader can make transparencies from the maps in the book to play with this himself.


Here I must say a word of caution because the research which the maps is based on in many ways incomplete e.g. new hotwater areas and useful materials are being discovered all the time. This does, however, not greatly effect the results at least for yet another decade.

It is also to be mentioned that some of the negative factors like flooding areas and sands can be reduced with dams. Their reading is confined to the present situation, but in the judging one must not forget that presuppositions can often be changed at rather low costs.

Also it is to be stressed, that the "reading together" of these maps is a very difficult task, since here it is to be decided


what weight should be given to the various criteria.

In the present study the grade of shadowing on all the folies is the same but at a later stage one has define: with which idea is the study done' For instance; what number of inhabitants, and what is the scale of activities for a possible new settlement area. From this data one can calculate e.g. what is the value of the hot water resources compared to the value of the cold water resources. From this the weight of the criteria derives, and so does the darkness of the shadowing. This can be reached in a simple way by copying e.g. two hot water folies together with one cold water folie.



Example I: This copy shows us three of the negative factors:

"Nature interest", "Lava" and "Power lakes". One of the interesting things that appears from copying these folies together is that conflicts seem to be arising on certain locations due to proposals on conservation areas that overlap places that will go under water in future hydro-power plants. These conflicting parts are actually carrying out a hidden warfare as there exists no institution that coordinates and guides the cooperation of these contrasting viewpoints, not more than other parts that are connected with the land use in this country.



• HINDRY WISE AN SIKTUNGA
• GIBB TO BE USED WITHOUT REPRODUCTION
• SAKCHRYGJUNGA, EN OETIO I TEXTA
• CHRYGJUNGA ARE NAMED IN THE TEXT

LAND TILGANG	
SAGDAGSFRAGA	
1	2
TRAFIKI VALDUR	
MARETTISDAGI AF FERRI (SAGDAGSFRAGA)	
TIL SAGDAGSFRAGA S. 2000	


- 2 ENGIN-FAKT-VALDUR S. 2000 (SAGDAGSFRAGA)

Example II: This copy shows in the first place, approximately the

that appears in this folie, is that the most of the highly populated areas are on the most risky zones, or at their border (e.g. SW-country, N-country and Mid-W-country). If Reykjavík is included one must bear in mind that more than 80% of the inhabitant live on dose to this zone and that the population is increasing there. Therefore this map points out how wise a plan-policy it would be to try to put this development under control and to encourage progress in other areas.

About ten years ago I presented some ideas on the future road-system over the highlands but no such proposals had appeared before. I also pointed out that where the three main roads meet, a plan of a weather protected town should be taken into consideration. (The streets should be covered with transparent roofs).

This highland road-system is laid out in such a way that it would lead the traffic through the areas that I have concluded (based on the natural features) are the best areas for the urban of the future (see map).



the multitude of data and arguments presented in this book. The map also shows my suggestion for four natural park areas. These are the areas highest in elevation, areas with glaciers and sands as well as natural-danger areas (flooding, lava, tephrafall).

This map with a road-system, regional centers and land-use categories, one can say with some justice, is the first Iceland-plan ever to be presented.

1. Reykjavík - miðstöð samgangna á landinu
(Birtist í Þjóðviðanum 7. apríl '77)

Samgöngur — það hvert er magn flutninga og hver er staða í flutningakerfi lands — ræður mjög miklu um vöxt og viðgang borgar. Einnig ráða samgöngurnar eða samgöngutækni miklu um sjálft fyrirkomulag borga. Við tökum þó lítið eftir þessu, þar sem að nú á tímum eru flestar borgir „akbrautaborgir“ — en með ýmsum tilbrigðum þó. Til skýringar á, að borgir geta byggt á öðru fyrirkomulagi, má minna á grundvallaruppbyggingu Amsterdam og Feneýja sem síkja- eða skurðaborgir — og á þrönga borgakjarna, sem aðeins eru ætli aðrir fótgangendur.

Í eftirfarandi rabbi mun ég ræða um hver eru tók skipulagsfræðinnar á fyrirbærinu samgöngur og um leið hver eru einkenni Reykjavíkur í þessu tilliti.

„Borgin er — líkt og landið í heild — samansafn „stöðva“, sem eru tengdar saman af neti samgangna af hinum ýmsu gerðum. Nútíma kerfisfræði greinir á milli efnisjægra samgangna (fólks- og vöruflutningar) — og óefnisjægra samgangna (sími, hljóðvarp, sjónvarp o.s.frv.)

Viðfangsefni skipulagsfræðinnar er að kanna eðli og þróun hinna ýmsu „stöðva“ í borginni: iðnaðar, verslunar, íbúðarhúsnæðis, stofnana — og gera grein fyrir hver eru lögmál og þarfir fyrir fólks- og vöruflutninga milli þessara stöðva, en þetta er nefnt „infrastrúktúrar“ á erlendum málum.

Við athugun á „stöðvunum“ — beita skipulagsmenn ýmsum aðferðum. Skráðar eru töflur og teiknuð línurit eftir kennitölum

viðkomandi greina, fyrir undanvegin 10-15 ár. Helstu upplýsingar, sem hægt er að byggja á eru ferm.fjöldi í húsnæði, mannaflí (mannár) í atvinnugreinum og aldursskipting íbúa. Út frá þessum og reyndar fleiri upplýsingum eru dregnar ályktanir um eðli og

þarfir þessara borgarþátta. Hitt aðalatriðið í skipulagsfræðinni eru tengslin milli „stöðvanna“ og þá um leið spurningin, hver er möguleg eða rétt staðsetning á hinum ýmsu „stöðvum“. Svarið við þessari spurningu er háð þeirri samgöngutækni, sem gengið er út frá. — Sem nútímadæmi má nefna, að byggð í Breiðholti án atvinnustaða er ekki hugsanleg nema að gera ráð fyrir umfangsmiklu umferðarkerfi.

Akaflega mikilvægt grundvallareinkenni á samgöngukerfum er að þau geta bæði verið afleiðing og forsenda byggðarþróunar — Þannig er t.d. samgöngukerfið út frá Reykjavík frekar afleiðing af því að borgin er staðsett hér í þessari stærð, heldur en að náttúrugefnar forsendur hafi leitt til byggðarþættingar. Hinsvegar er tilkoma Keflavíkurvegjarins ástæðan til þess, að byggð hefur aukist á Reykjanesi.

Allt frá upphafi eða frá sjávargötu Víkurbóndans, hafa götur eða leiðir verið forsenda hvar byggð hefur risið. Þannig var með göturnar út frá gömlu Reykjavík, Laugaveg, Skólavörðustíg, Vesturgötu. Hið sama gildir um byggðakjarnana umhverfis Reykjavík: Skildinganes (leiðin út að Bessastöðum), Kópavogur, Garðahreppur, Hafnarfjörður (leiðin suður á Reykjanes) og Mosfellssveit (Vesturlandsvegur) — Fræg er sagan frá New York um það, að hlykkur á

mikil áhrif umferðarkerfi hafa á gerð og uppbyggingu borga, hvar miðstöðvar eða kjarnar geta myndast, svo og hvort styrkleiki þeirra eykst eða dvinar.

Þessi atriði eiga bæði við innan borgarinnar, sem og um stöðu borgarinnar í landinu. Sem dæmi hér um má nefna að steyptu vegirinnir út frá Reykjavík, hafa styrkt hana og nágrannabyggðirnar en aftur á móti hefur t.d. hringvegartengingin styrkt önnur byggðarlög og þannig hlutfallslega veikt Reykjavík. Miðstöðvargildi Reykjavíkur í hinum ýmsu greinum er því stöðugum breytingum undirorpið og breytingavaldarnir, bæði er varðar samgöngur og eðli hinnar ýmsu starfsemi, eru fjöldamargir.

Almennt má segja, að Reykjavík hefur aukist að áhrifum í flestum greinum á undanförunum 100 árum — og meira en margur telur að rétt sé. Í mörgum greinum virðist þróunin vera komin í hámark og nokkrar greinar hafa farið hnignandi.

Til þess að fá yfirlit um stöðu Reykjavíkur, sem miðstöðvar í landinu er nauðsynlegt að taka grundvallarlögmálin í samgöngum til sérstakrar athugunar.

Borgir eru ævinlega skurðarpunktar samgönguleiða (sjá mynd 1): Þangað liggja leiðir vitt að og þaðan liggja leiðir, sem dreifast víða.

Lengi framanaf hafði sjórinn sem „alferðafær flötur“ afgerandi áhrif á myndun byggða og borga (mynd 2) — Á ströndinni kviknaði lífið og teygði sig inn til landsins. Innri landsvæðin voru nánast ófær yfirferðar. Við þetta bætist hér á Íslandi það, að við höfum löngum verið bundin sjávarsíðunni hvað lífsbjörg snertir. Eftir að fljótin urðu samgönguæðar til innhéraða landa, urðu árósnir tengipunktur samgangna frá landi og sjó og þar risu borgir.

Á 17. og 18. öld var gengi hafnarborga hvað mest, en með batnandi vegum uxu borgir inni í landinu. Ýmsar fleiri frumgerðir í myndun borga eru til, svo sem skurðarpunktar samgönguleiða inni í landi (Egilsstaðir — Leipzig) eða vað eða brú á á eða flícti (Selfoss eða Berlín, sem er heiti slavneskt að uppruna og merkir „vaðið á fljótinu“).

Annar aðaláhrifavaldur eða lögmál — auk „alferðahæfni sjávarins“ — um þéttingu byggðar er miðlægni (central-theoria). — Þetta lögmál er oftast algerlega gagnverkandi hafsækninni (mynd 3). Oft leiðir þessi mótsögn til þess að eðlilegt kerfi miðstöðva myndast ekki. Á Íslandi bætist svo við, að miðja landsins, sem samkvæmt miðlægis-lögmálinu er byggilegust er mikið til óbyggileg.

vegaleingum (íortíu) til Reykjavíkur er 200 km., til Akureyrar 90 km til Egilsstaða 170 km, til Víkur 170 km og til Hvammstanga 150 km. Þetta þýðir að ef borg væri staðsett á miðju landsins væri hægt með góðum vegum að sækja þangað vinnu víðast hvar af landinu. — Landið er í rauninni ekki stærra en þetta.

En lítur nú aftur til núverandi aðstæðna. Fram til þessa hefur miðlægislögmálsins ekkert gætt fyrir landið í heild, einfaldlega vegna þess að engir almennir vegir hafa legið yfir miðju þess. Þetta hefur nánast þýtt, að því nær sem komið hefur verið miðju landsins, hefur maður verið kominn hvað lengst frá miðju þess — þ.e. hinni praktisku miðju, hringveginum.


Hinar auknu jeppaferðir yfir Sprengisand og Kjöl hafa breytt hér nokkru og einfaldur akvegur, sem þegar er til í frumhugmyndum — þó aðeins yrði opin að sumarlagi — mun gerbreyta viðhorfinu: Uppsveitir sunnanlands og norðan munu taka fjörkipp í vexti (mynd 5).

Spurningin um það hvort hægt verður að reisa borg á Sprengisandi í framtíðinni er flókin. — Aðalspurningarnar eru þær hvort hægt verður að leggja yfirbyggða (tjaldaða) vegi yfir hálendið og hvort flugtæknin muni þróast þannig að flugvélnar þoli slæm veður og hvort flugvélar, sem fara á loft lóðrétt verði hagkvæmar. — Vöxtur þessarar borgar er nefna mátti Háborg, sem verslunar- og þjónustumiðstöðvar, yrði síðan mjög háð hagkvæmni vöruflutninga í lofti miðað við flutninga í sjó.


Hvað viðvikur umhverfi mannlífs á hálendinu eru engin vandkvæði á því að hafa alla borgarstarfsemina innanhúss — en þetta er stefna, sem fer hvarvetna í vöxt samanber ráðgerður nyr miðbær í Reykjavík, þar sem allt verslunarhverfið er innanhúss. — Rétt er einnig að muna að veðurfar hálendisins hefur líka kosti, eins og t.d. það, að hægt er að vera þar á skíðum til fjalla allt árið eins og við þekkjum í skíðaskólunum í Kerlingarfjöllum.

Þessir athugunarpunktar um grundvallarlögmál í samgöngum, hafa leitt í ljós, að vegna miðlægis-lögmálsins má vænta áhrifa úr þeirri átt til rýrnunar á miðstöðvargildi Reykjavíkur: — Þyngdarpunktur byggðarinnar mun smám saman færast innar í landið.

En hvað með borg á Sprengisandi? — Enginn getur sagt með vissu hvað verður t.d. eftir 100 ár, en það er skoðun mín, eftir að hafa athugað ýmsa þætti þessa máls og með hlíðsjón af tækniárekum síðustu 100 ára, að eftir 70-100 ár verði risin borg á hálendinu (mynd 6), sem í fyllingu tímans muni taka við höfuðborgarhlutverki Reykjavíkur.




Borgir eru skurðarpunktar samgönguleiða.



Sjórinn — sem „alferðar flötur“ — olli því, að þéttbýli myndaðist fyrst við ströndina, en minnkaði eftir því sem innar dróf landið.




Byggilegustu svæði landsins, samkvæmt miðlægislögmálum, eru mikilví óbyggileg fyrir veisulega byggð (utan punktalínan).



Frá miðju landsins eru stuttar fjarlægðir til flestra byggða þess.



Stíkfaldur akvegur, þó aðeins yrði opin að sumariagi, mun stuðla að byggðaræukningu í uppveitum sunnanlands og norðan.




Hugmynd að vegakerfi og staðsetningu höborgar á miðju landsins, sem hugsanlega tæki við höfuðborgarhlutverki Reykjavíkur í fyllingu tímans.



Nýstárleg og stórbrotin framtíðarhugmynd:

Háborg á hálendinu

með vegum til allra átta



Fyrirum 100 árum var Reykjavík litlu stærri en önnur þorp á strönd landsins og lökskjöldinn var nokkuð jafn dregður um byggðir þess. Þá hóf nútíminn innreið sína með verkaskiptingu og samgöngum, sem voru bundnar sjávarsíðinni. Eðlilegt er að spyrja, hvað þessar forsendur verði orðnar breyttar eftir t.d. 100 ár og þá um leið, hvort núverandi hlutféll í byggð landsins verði óbreytt.

Trausti Valsson hefur fjallað um þetta efni og eru helstu niðurstöður hans eftirfarandi:

„ Á næstu áratugum munu koma allgöhr akvegir yfir hálendið, sem leið til byggðaraukningar í uppsveitum sunnanlands og norðan. Þar sem vegirnir mætast á hálendinu, er líklegt að rísi fljótlega þjónustu- og ferðamannamiðstöð (sbr. skólabóllinn í Kverlingarjökulum). Þegar hægt verður að halda hálendissvæðinum opnum allt árið, verja fjárfestir vegir, hefur myndast grundvöllur fyrir varanlegan kjarna í vörnduðu veburðari, t.d. undir húðþaki, en miðlaggi þess kjarna hefur afgerandi kosti, sem miðstöð fyrir ýmsa starfsemi og þjónustu Íslendinga. Verðþreunin í flugtækni su — sem alls ekki er ólíklegt — að hær geti orðin miðstöð flugsamgöngu, og ef flutningar verða hugkvæmari í lofti en á yfu, sem leiðir til þess, að skipasamgöngur leggjast niður, — yrði það næsta eðlileg afleiðing að Háborgin yrði miðstöð starfsemi í landinu og tæki þannig í framtíðinni við hálfborgarhlutverk í Reykjavíkur.

A bls. 4-5 í dag

INN-
FLUTNINGUR
ÚT-
FLUTNINGUR

Sögulegt yfirlit um Reykjavík sem miðstöð samgöngu á Íslandi í hundrað ár.

Í eftirfarandi ræði verður rakið, hvernig hinar ýmsu greinar samgöngutækni hafa eflzt. Verður farið fljótt yfir sögu og ýms nýrri atriði, eins og flugsamgöngur, koma ekki til umræðu.

Samgöngur eru grundvöllur þess að bæjarmenning gat risið í landinu og ákveðnar ytri ástæður og stjórnmálalegar ákvarðanir urðu þess valdandi að Reykjavík varð miðstöð fyrir hina ýmsu starfsemi, sem eflidist mjög í nánú samhengi við framfarir í samgöngumálum.

Upphaf vegakerfis

Aukin verkaskipting

kaupþuna og sveita landsins og þar með aukning flutninga hér á milli varð til þess að aukin þörf varð á samgöngubótum. Aðgerðir í samgöngumálum urðu svo aftur til þess að styrkja hin einkennandi hlutverk kaupþunanna og sveitanna.

Ýmsar tilraunir voru gerðar framan af 19. öldinni til að koma skipan á vegamál, en það er ekki fyrr en árið 1861, sem fyrstu vegalögin eru staðfest. Kostnaði við framkvæmd þessara laga var mætt með vinnukvöðum. Vegalögunum er síðan breytt nokkrum sinnum samkvæmt nýjustu hugmyndum, en með vegalögunum frá árinu 1894 er lagður grundvöllur að hestvagnaflutningum með ákvæðum um akfærar flutningabrotur. Í lögunum voru ákveðnar 9 leiðir en 4 þeirra tengdust Reykjavík.

Í upphafi aldarinnar voru göt-urnar í Reykjavík aðeins tvær, Adalstræti og Hafnarstræti og voru af og til nokkrar lagfæring-

ar kostaðar á þeim úr bæjar-sjóði. Húseigendum var skylt að halda við steinstettum fyrir sinni lóð. Um 1840 var fyrst farið að tala um vegabætur á vegunum út frá Kvosinni og ákveðið að leggja skyldukvöð, eitt dagsverk á hvert heimili í því skyni.

Byggingarár brúna í Reykjavík og nágrenni er mælistika á áfanga í samgöngubótum hér um slóðir á 19. öldinni:

Fyrsta Lækjarbrúin 1828, Steinboginn 1866 og ökubrýr yfir Fossvogs- og Kópavogslæki 1895. Aður en hólræsakerfin komu til voru þetta allveruleg vatnsföll og margir létu lífið við að fara yfir þau, meðan þau voru óbrúð. Stærstu brúarframkvæmdir á lesta- og hestvagnatímabilinu voru Ölfusárbrú 1891 og Þjorsarbrú 1895, sem opnuðu Suðurlandsundirlendið sem verzlunar- og þjónustusvæði Reykjavíkur. Aftur á móti komst vegasambandið fyrir Hvalfjörð ekki á fyrr en árið 1931.

„Faxi“ og kom til Reykjavík árið 1891. Kom brátt í ljós hversu mikilvæg þessi þjónusta var og féll hún ekki niður uppfrá því. Næstu flóabátar á eftir „Faxa“ voru „Solide“, „Elfn“ og „Reykjavík“.

Meðan selstöðuverzlunin var ríkjandi fóru vöruflytningar mest þannig fram, að verzlunarfyrirtækin sendu vöruskip á þær hafnir, þar sem þau höfðu verzlunir. Eftir að verzlunin komst á fleiri hendur breyttist þetta smám saman og vöruflytningar með föstu póstskaferðunum aukast.

Í byrjun þessarar aldar tekur sú skipan að festast í sessi, að ákveðnar vörutegundir eru pantaðar í verulegu magni til Reykjavíkur og þeim síðan dreift um allt landið (heildsverzlun). Þessi þróun leiddi síðan til þess að Reykjavík varð einnig miðstöð mestallra vöruflytninga til landsins.

Framfarir í samgöngum á landi

Bílaöld hefst á Íslandi árið 1913, er tveir Vestur-Íslendingar komu nýja Fordbíreið til Reykjavíkur. Áður eða 1904 hafði einn tilraunabíll komið hingað. Höfu þeir félagar atvinnurekstur við fólksflytninga, en þegar á næsta ári bættust við nokkrar nýjar bíreiðir og síðan óx bílaeign Reykvíkinga ódfluga. Árið 1920 eru bílarnir orðnir 130 og 800 áratug síðar.

Með tilkomu bifreiðaumferðarinnar er það ekki lengur aðaleinkennið í samgöngubótum, að ný byggðasvæði komist í umferðarsamband við Reykjavík — heldur er það hraðinn í ferðum sem, í tímaeiningu talið, færði héröðin margfalt nær borginni og jók því margfalt öll samskipti þar á milli. Hin vaxandi bifreiðaeign ytti svo að sjálfsögðu á það, að miklar umbætur og útvíkkun á vegakerfinu fór í hönd. Í upphafi voru allar bifreiðarnar fólksflytningabifreiðar, sem notaðar voru til atvinnurekstrar. Þegar fram liðu stundir fóru að koma fram sérhæfðar bílategundir, svo sem bílar með litlum vörupalli og margrasæta fólksbilar, sem juku notkunarsvið bílanna.

Samgöngur á sjó

Samgöngur á sjó, bæði við útlönd og landsbyggðina, hafa alla tíð verið mikilvægur þáttur í vexti og viðgangi Reykjavíkur. Í samgöngum á sjó gætir miklu fyrr tækni framfara en í landflytningum og höfðu náðst hér margir áfangar áður en verulegar framfarir verða í samgöngum á landi.

Árið 1776 ákvað danska stjórnin að koma á reglubundnum, árlegum póstferðum með seglskipi. Afangahöfnin var í fyrstu Seilan við Bessastaðanes, en færðist síðar til Reykjavíkur. Árið 1858 verður stórt stökk í þessari þjónustu er gufuskipferðir komust á, en skipið kom venjulegast 6 sinnum til Reykjavíkur á hverju sumri. Póstskaferðirnar gerðu Reykjavík að miðstöð fólks- og póstflytninga. Á næstu áratugum urðu litlar breytingar á póstferðunum, nema að skipin fóru að hafa viðkomu á fleiri höfnum, sem varð upphafið að flytningum á milli hafna á Íslandi, — strandferðunum.

Skipakostur landsmanna fór ört vaxandi og batnandi á 19. öldinni. Tilkoma góðra seglbáta um miðja öldina og seglskútna á seinni hluta hennar varð ekki einungis til að bæta aðstöðuna til fiskveiða, heldur færði þessi bættu samgöngutækni byggðirnar við Faxaflóa saman í ýmsum skilningi. Fyrstu reglubundnu ferðirnar í Faxaflóa komast á með tilkomu gufubáta.

Mjög tíjotlega tóku bílstjórar að auglýsa fastar ferðir til staða utan Reykjavíkur, svo sem til Hafnarfjarðar, Víflisstaða og Keflavíkur, sem síðar urðu að föstum sérleyfisleiðum. Þessar föstu áætlunarferðir gegndu lengi miklu hlutverki í þróun Reykjavíkur sem þjónustumiðstöð. Upphaf reglubundinna ferða innan Reykjavíkur voru fastar ferðir sem Bifreiðastöð Reykjavíkur (BSR) tók upp 1927 frá Lækjartorgi að Sundlaugunum. Einkafyrirtækið Strætisvagnar Reykjavíkur hóf rekstur með sex bílum árið 1931, en árið 1944 tók Reykjavíkurbær við rekstrinum.

Bíllinn og umferðarkerfið hefur haft gífurleg áhrif á það, hvornig borgin hefur byggt. Fyrirferð bílanna kom snemma í ljós, og ekki voru líðin nema nokkur ár þangað til bíllinn hafði lagt undir sig göturýmið, sem áður tilheyrði borgarlífinu, og ytt fólkinu upp að hlíðum húsanna á sérstakar gangstéttir. Í dag er fyrirferð bílaumferðarinnar orðin með mestu vandamálum borgarinnar, og má þar nefna þörf á nýjum götum eða breikkun gatna, bíla- stæðisþörf svo og vandamál vegna hávaða loftmengunar og slysaþættu.

Póstskípaferðir komu Reykjavík í reglubundið samband við umheiminn. Her er postskípið Laura úti á höfninni árið 1902. (Mynd Arni Thorsteinsson — úr Arbæjarsafni).

Ferðaáætlun

fyrir vélarbatinn Búa fyrir árið 1908.

Víkumastæði	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nov.	des.	jan.	febr.
Fra Reykjavík	1	11	20	29	38	47	56	65	74	83
Ad Miðbúðum	1	11	20	29	38	47	56	65	74	83
— Háshöllum	1	11	20	29	38	47	56	65	74	83
— Hestanesi	1	12	21	30	39	48	57	66	75	84
— Hrafsayri	1	12	21	30	39	48	57	66	75	84
— Kalafstaðakoti	1	12	21	30	39	48	57	66	75	84
— Háshöllum	1	12	21	30	39	48	57	66	75	84
— Miðbúðum	1	12	21	30	39	48	57	66	75	84
— Innra Helmi	1	12	21	30	39	48	57	66	75	84
í Reykjavík	1	12	21	30	39	48	57	66	75	84
Fra Reykjavík	2	10	18	26	34	42	50	58	66	74
Ad Brautarholti	2	10	18	26	34	42	50	58	66	74
— Saltvík	2	10	18	26	34	42	50	58	66	74
— Naustanesi	2	10	18	26	34	42	50	58	66	74

1. Ferðagjöldið er 10 aurar. 2. Ferðagjöldið er 10 aurar. 3. Ferðagjöldið er 10 aurar. 4. Ferðagjöldið er 10 aurar. 5. Ferðagjöldið er 10 aurar. 6. Ferðagjöldið er 10 aurar. 7. Ferðagjöldið er 10 aurar. 8. Ferðagjöldið er 10 aurar. 9. Ferðagjöldið er 10 aurar. 10. Ferðagjöldið er 10 aurar. 11. Ferðagjöldið er 10 aurar. 12. Ferðagjöldið er 10 aurar. 13. Ferðagjöldið er 10 aurar. 14. Ferðagjöldið er 10 aurar. 15. Ferðagjöldið er 10 aurar. 16. Ferðagjöldið er 10 aurar. 17. Ferðagjöldið er 10 aurar. 18. Ferðagjöldið er 10 aurar. 19. Ferðagjöldið er 10 aurar. 20. Ferðagjöldið er 10 aurar. 21. Ferðagjöldið er 10 aurar. 22. Ferðagjöldið er 10 aurar. 23. Ferðagjöldið er 10 aurar. 24. Ferðagjöldið er 10 aurar. 25. Ferðagjöldið er 10 aurar. 26. Ferðagjöldið er 10 aurar. 27. Ferðagjöldið er 10 aurar. 28. Ferðagjöldið er 10 aurar. 29. Ferðagjöldið er 10 aurar. 30. Ferðagjöldið er 10 aurar. 31. Ferðagjöldið er 10 aurar. 32. Ferðagjöldið er 10 aurar. 33. Ferðagjöldið er 10 aurar. 34. Ferðagjöldið er 10 aurar. 35. Ferðagjöldið er 10 aurar. 36. Ferðagjöldið er 10 aurar. 37. Ferðagjöldið er 10 aurar. 38. Ferðagjöldið er 10 aurar. 39. Ferðagjöldið er 10 aurar. 40. Ferðagjöldið er 10 aurar. 41. Ferðagjöldið er 10 aurar. 42. Ferðagjöldið er 10 aurar. 43. Ferðagjöldið er 10 aurar. 44. Ferðagjöldið er 10 aurar. 45. Ferðagjöldið er 10 aurar. 46. Ferðagjöldið er 10 aurar. 47. Ferðagjöldið er 10 aurar. 48. Ferðagjöldið er 10 aurar. 49. Ferðagjöldið er 10 aurar. 50. Ferðagjöldið er 10 aurar. 51. Ferðagjöldið er 10 aurar. 52. Ferðagjöldið er 10 aurar. 53. Ferðagjöldið er 10 aurar. 54. Ferðagjöldið er 10 aurar. 55. Ferðagjöldið er 10 aurar. 56. Ferðagjöldið er 10 aurar. 57. Ferðagjöldið er 10 aurar. 58. Ferðagjöldið er 10 aurar. 59. Ferðagjöldið er 10 aurar. 60. Ferðagjöldið er 10 aurar. 61. Ferðagjöldið er 10 aurar. 62. Ferðagjöldið er 10 aurar. 63. Ferðagjöldið er 10 aurar. 64. Ferðagjöldið er 10 aurar. 65. Ferðagjöldið er 10 aurar. 66. Ferðagjöldið er 10 aurar. 67. Ferðagjöldið er 10 aurar. 68. Ferðagjöldið er 10 aurar. 69. Ferðagjöldið er 10 aurar. 70. Ferðagjöldið er 10 aurar. 71. Ferðagjöldið er 10 aurar. 72. Ferðagjöldið er 10 aurar. 73. Ferðagjöldið er 10 aurar. 74. Ferðagjöldið er 10 aurar. 75. Ferðagjöldið er 10 aurar. 76. Ferðagjöldið er 10 aurar. 77. Ferðagjöldið er 10 aurar. 78. Ferðagjöldið er 10 aurar. 79. Ferðagjöldið er 10 aurar. 80. Ferðagjöldið er 10 aurar. 81. Ferðagjöldið er 10 aurar. 82. Ferðagjöldið er 10 aurar. 83. Ferðagjöldið er 10 aurar. 84. Ferðagjöldið er 10 aurar. 85. Ferðagjöldið er 10 aurar. 86. Ferðagjöldið er 10 aurar. 87. Ferðagjöldið er 10 aurar. 88. Ferðagjöldið er 10 aurar. 89. Ferðagjöldið er 10 aurar. 90. Ferðagjöldið er 10 aurar. 91. Ferðagjöldið er 10 aurar. 92. Ferðagjöldið er 10 aurar. 93. Ferðagjöldið er 10 aurar. 94. Ferðagjöldið er 10 aurar. 95. Ferðagjöldið er 10 aurar. 96. Ferðagjöldið er 10 aurar. 97. Ferðagjöldið er 10 aurar. 98. Ferðagjöldið er 10 aurar. 99. Ferðagjöldið er 10 aurar. 100. Ferðagjöldið er 10 aurar.

I lok 19. aldar komust á gufu- og síðar vélbátaferðir um Faxaflóa. Þær voru mjög mikilvægar vegna þess, að samgöngur á landi voru erfiðar og tafsamar. (Ferðaáætlun, varðveitt í Háskólabókasafni)



Bíllarnir ollu gjörbyltingu í samgöngumálum. Þessi mynd er tekin um 1920 á Suðurgötunni.

Gott kvöld góðir hlustendur.

Oft er talað um að Ísland sé á mörkum hins byggilega heims, og það má til sanns vegar færa t.d. um kornrækt og ýmsar aðrar landbúnaðargreinar. Sé hins vegar miðað við orku og sjávarfang er Ísland eitthvert byggilegasta land heimsins. Vegna verkaskiptingar þjóða er ekki lengur nauðsynlegt að sinna öllum tegundum atvinnustarfsemi, heldur er hagkvæmara að starfsemi sé stunduð þar sem allar forsendur hennar eru sem bestar, en ekki að láta tilviljanakennd atriði eins og landamæri ráða ferðinni. Er þetta t.d. grundvallarhugmyndin að Efnahagsbandalagi Evrópu.

Sá sem þetta flytur hefur nú um eins árs skeið unnið, að hluta til, á erlendum styrk að úttekt á aðstæðum eða forsendum þess hvar eru bestu aðstæður fyrir atvinnustarfsemi sem og fyrir byggð almennt hér á Íslandi. Til þess að einhver mynd fáist af því hvað hér er um að ræða, skal gerð nokkur grein fyrir mikilvægustu byggðarforsendunni, jarðhitnum.

Nú um nokkurt skeið hefur verið á olíu farið hækkandi. Ef þessi þróun heldur áfram, sem virðist líklegt, stefnir í það að þau svæði sem eru utan jarðhitasvæðanna verði óbyggileg. Upphitunarkostnaður með öllu er nú þegar orðinn um níu sinnum hærrí en hitunarkostnaður með jarðvarma í Reykjavík. Þessi mismunur þýðir á aðra milljón í aukin útgjöld á ári hjá fjölskyldum á þeim svæðum þar sem hita verður með olíu. Þetta leiðir líka til hærrí rekstrarkostnaðar hjá fyrirtækjum og stofnunum og veldur einnig því að færri valkostir eru í atvinnuuppbyggingu á þessum svæðum. Olíustyrkirnir, sem hugsaðir eru til þess að fólk flosni ekki upp, fela því miður nokkuð fyrir okkur hve byggð á heitavatnslausum svæðum er þjóðhagslega óhagkvæm. Rafmagnshitun þjargar þessari óhagkvæmni ekki við nema að hluta því að slík hitun mun vera fimm sinnum dýrari en er hjá Hitaveitu Reykjavíkur.

Grundvallaratriði í sambandi við nýtingu á jarðhita er, að byggðin sé ekki langt frá jarðhitasvæðinu og á þetta sérstaklega við um þurftalítla notendur. Sé lítið þorp í um 20-30 km fjarlægð frá jarðhita er sá hiti einskis virði fyrir þorpið því þá er leiðslulögnin orðin svo dýr að söluverð á hitanum yrði álíka og á samsvarandi hita fengnum með olíukyndingu. Af þessu ætti að vera ljóst að mikilvægt er að finna alla helstu jarðhitastaði og marka inná kort þau svæði sem á hagkvæman hátt geta nýtt jarðhita í framtíðinni.

Einn þáttur byggðastefnu þyrfti síðan að vera sá, að beina framtíðarþróun inn á þessi svæði og þá sérstaklega þau sem einnig hafa aðra landkosti og búa við lágmarks áhættu

er tekur til neikvæðra atriða. Þetta jarðhitakort, sem nú hefur verið gert að umtals-
efni, er eitt þeirra 50 korta af byggðaforsendum á Íslandi, sem ég hef unnið að um
eins árs skeið með góðri aðstoð ýmissa sérfræðinga. Kortunum 50 er skipt í 2 aðal-
flokka, þ.e. kort sem sýna jákvæð atriði og kort sem sýna neikvæð atriði.

Á jákvæðu kortunum koma t.d. fram skjólgóð svæði, lítil úrkomusvæði og svæði þar
sem sólskinsstundir eru margar. Þá má nefna svæði sem eru vel staðsett út frá köldu
vatni og malarnámi. En þess má geta að þar fá svæði ekki háa einkun þó þessi jarð-
gæði séu nú fyrir hendi, ef fyrirsjáanlegt er að þau verði uppurin eftir nokkra áratugi.

Á neikvæðu kortunum eru m.a. sýnd þau svæði þar sem veruleg hættu er á jarðskjálftum,
hraunrennsli, öskufalli, flóðum, sviptivindum o.s.frv.

Þessi kortagerð er unnin samkvæmt svokallaðri "lay-over" eða glæru-aðferð. Kortin
eru teiknuð á glært plast en með því er auðvelt að sjá og afmarka þau svæði þar sem
litlir landkostir eða hinsvegar mörg neikvæð atriði koma saman. Á þessum kortum er
sem sagt fjallað um mörg þau gögn sem þeir menn, sem taka ákvarðanir um stórfram-
kvæmdir og framtíðaruppbyggingu í landinu, þurfa að hafa einhverja vitneskju um.
Oft er gott að átta sig á þýðingu mála með því að athuga hvar hafa orðið mistök í
ákvarðanatöku og reyna að skilgreina í hverju þau eru fólgin.

Í þessu sambandi er líklega skýrast að líta á staðarval hins opinbera fyrir stærstu orku-
verin og iðjuverin í landinu, en svo virðist að mikil brotalöm sé í staðarvali næstum
hverrar einustu þessara framkvæmda. Hvað orkuverunum viðvíkur eru þjósárverkjanir
á mesta eldvirknisvæði landsins og háspennulínurnar þaðan liggja um langan veg eftir
mestu jarðskjálftasvæðum landsins. Þessu næst var reist gufuafstöð á næst mesta eld-
virknisvæðinu við Mývatn, þar var einnig reist kísiliðja. Þetta staðarval verður að
skoðast í ljósi þess, að hagkvæmir vatnsaflsvirkjunarstaðir eru margir á örugum
svæðum og að háhitasvæðin eru 29 og mörg þeirra all örug.

Fyrsta stóriðjuverinu, Áburðarverksmiðjunni, var valinn staður við Reykjavík þó hér
í næsta nágrenni séu nánast engin landbúnaðarsvæði. Aftur á móti var sementsverk-
smiðjunni valinn staður á Akranesi, og þar inn í miðjum bæ, þó mestur hluti markaðsins
sé á Reykjavíkursvæðinu. Þýðir þetta tvennt eflaust miljónatugi í óþarfa flutnings-
kostnað á ári hverju. Álverið sem hefur í för með sér mengun var staðsett þétt við
Reykjavíkursvæðið en öll framleiðsla er flutt út og verksmiðjan hefði þess vegna
getað verið hvar sem er á landinu. Auk þess má nefna að Álverið stendur á nýlegu
hrauni. Erfitt er að segja hvaða upphæðum þessir gallar í staðarvali svara til, en í
Kröflu er sjálfsagt hægt að tala um mistök upp á nokkra tugi milljarða.

Þessi fáu dæmi ættu að geta sýnt að staðarval er alvörumál og miklar upphæðir í húfi. Það virðist því sem það þyrfti ekki að vera slæm fjárfesting hjá ríkinu að leggja einhverja fjármuni af mörkum til verkefna á borð við það sem ég er með í vinnslu, ef einhver líkindi þættu til þess að það gæti bætt staðarval og e.t.v. forðað okkur frá mistökum. Þrátt fyrir að ýmsum embættismönnum lítist vel á þessa vinnu hefur ekki tekist enn, er þetta er ritað, að fá neitt fé frá hinu opinbera til þessa verkefnis.

En víkjum nú að stöðu og skipulagi þessara mála hérlendis og erlendis. Þegar skipulagslögin urðu 50 ára 1971 var haldin ráðstefna um framtíð skipulagsmála á Íslandi og voru gefnar margar yfirlýsingar eins og t.d. "ríkisvaldið verður að skilja að skipulag í víðtækri merkingu er eitt af þýðingarmestu hagstjórnartækjum ríkisins" og "undirbúningur að skipulagi landsins alls er eitt brýnasta verkefni sem okkar bíður." Þótt liðinn sé nær áratugur frá þessari ráðstefnu hefur næsta lítið gerst. Margir bundu vonir við að Framkvæmdastofnun tæki á þessu máli, þó að verkefnasvið hennar sé fyrst og fremst efnahagslegt skipulag og þá oft innan þröngs tímaramma. Byggðadeild stofnunarinnar hafði á þjónunum svonefndar landshlutaáætlanir, sem var þó lítið meira en gagnaöflun áður en horfið var frá heildarmyndinni og farið var að gera áætlanir fyrir afmörkuð svæði. Reyndar er vafamál hvort landshlutaáætlanir séu rétta aðferðin til að fá heildaryfirlit og grundvallarregla skipulags mundi þýða að nauðsynlegt væri að skoða þróunarmöguleika svæða í viðmiðun við landið sem heild.

Til að fá gleggri mynd af því við hvað hér er átt, má t.d. nefna að ekki er hægt að leggja mat á stöðu landshluta útfrá vegakerfi fyrr en einhverjar hugmyndir um heildarvegakerfi landsins í framtíðinni hafa verið settar fram. Sem annað dæmi má nefna að ekki er auðvelt að finna og sýna fram á hvar eru bestu aðstæður fyrir einhverja ákveðna starfsemi fyrr en samræmt yfirlit um byggðaforsendur er fyrir hendi. Mótun þessarar heildarmyndar og ályktanir út frá henni um vegakerfi, staðsetningu og hlutverk byggðakjarna o.s.frv. er nefnt landsskipulag.

Í Danmörku hófst þetta starf formlega fyrir um 20 árum með landsskipulagsnefndinni "landsplanudvalget," en þegar umhverfismálaráðuneytið var stofnað færðist þetta starf þangað í deild sem nefnd er skipulagsstjórnin "planstyrelsen." Tekið skal fram að þessi deild starfar á allmikið annan hátt en stjórn með sama nafni á Íslandi. Munurinn er aðallega sá að skipulagsstjórnin danska er ráðuneytisdeild, sem stjórnar því hvernig landsvæða- og sveitarfélaga skipulag er framkvæmt, en sú íslenska er embættismannanefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins og hefur hún með höndum yfirstjórn skipulagsskrifstofu þar sem fer nær eingöngu fram skipulag bæja enn sem komið er.

Fyrir nokkru kom út fyrsta tilraun til svæðaskipulags þ.e. skipulag Ölfus-, Hveragerðis og Selfosshreppa. Eins og við er að búast eru ýmsir gallar á þessu verki þannig að t.d. lítil sem engin tilraun gerð til þess að skilgreina stöðu þessara svæða og samband þeirra við nágrannabyggðalögin og landið í heild. Þá er það t.d. undarlegt að lítil tilraun er gerð til þess að beina framtíðaruppbyggingu á þau svæði þar sem er lítil jarðskjálftahætta. Í svæðaskipulagi og landsskipulagi er nauðsynlegt að hafa heildaryfirsýn og raða hlutunum rétt niður annars er hætt við að fari líkt og stundum hjá krökkum, sem eru að teikna andlit, þau byrja strax að teikna einstaka hluta þess og stundum lendir augað út á kinn, þegar heildarmyndin er fengin.

Það má ljóst vera, að sá grunnur sem allt skipulag hvílir á, eru þær forsendur sem eru til staðar. Það er því nauðsynlegt fyrir ákvörðunaraðila að afla sér glöggrar vitneskju um byggðarforsendur ýmist jákvæðar eða neikvæðar. Ekki dugir að gleyma t.d. hafís-hættu og jarðskjálftum þó þeirra hafi orðið lítt vart síðustu áratugina. Aðilar sem taka ákvarðanir um skipulag og uppbyggingu í þessu landi eru margir og mætti nefna Alþingi, Framkvæmdastofnun, bankana og skipulagsyfirvöld. Þessum aðilum væri nauðsynlegt að skoða málefni í víðu samhengi og með góðu yfirliti yfir hverjar hinar ýmsu forsendur byggðar eru og hver sé þýðing þeirra í sambandi við hinar ýmsu tegundir starfsemi. Þessir aðilar þurfa sem sagt að hafa heildaryfirsýn.

Sá aðili sem ber hér mesta ábyrgð er að sjálfsögðu Alþingi, því það er Alþingi sem fer með yfirstjórnina í þessu fyrirtæki, sem íslenska þjóðarbúið er, stjórnar því hvernig mál eru unnin og setur reglur um hvernig deildir og stofnanir þessa fyrirtækis eiga að starfa. Sá aðili sem fer með yfirstjórn í fyrirtæki, stóru eða smáu, þarf að reyna að átta sig á framtíðarþróun. Það var vegna þessa atriðis að ég spurði Guðmund G. Þórarinsson, alþingismann, hvort að það væri ekki svo að Alþingi væri nær alveg upptekið við verkefni dagsins í dag. Hann kvað það ekki vera því þingið væri upp- tekið við verkefni gærdagsins.

Þetta virðist vera afleitt og hætt við að það eigi eftir að koma síðar í ljós að ýmsar ákvarðanir eru teknar af ónógri fyrirhyggju. Alþingi sem og ráðherrarnir verða með einhverjum ráðum að reyna að skapa sér tíma til að hugsa um málefni framtíðarinnar. Hér geta ráðamenn sparað sér vinnu við að láta vinna álitsgerðir og valkosti. Kjartan Jónsson, innanhússarkitekt, hefur komið fram með skemmtilega hugdettu um starfstilhögun, en hún er á þá leið, að önnur deild Alþingis fjalli um verðbólgu og annan tímabundinn vanda, eins og stafsetningarreglur og stærð fálkastofnsins í landinu, hin deildin beiti sér að framtíðarskipulagi þjóðarbúsins og stjórnun þess.

Ég vil enda þetta spjall mitt á því að endurtaka það sem ég sagði í upphafi, að Ísland er ekki á mörkum hins byggilega heims, og ef við berum okkur saman við lönd sem hafa lítil náttúruauðæfi eins og t.d. Danmörku, Holland og Belgíu, er staða okkar svo sem vegna sjávarafla og orku mun betri. Ef við búum þrátt fyrir þetta við lakari lífsafkomu er tæpast öðru um að kenna en lélgri skipulagi og lélegri stjórnun.

Ég þakka þeim sem hlýddu.

4. Hugmynd um tilraun um veg og ferðamiðstöð á hálendinu,
sem gæti skorið úr um möguleika á miðlægisþróun á Íslandi

Í köflum III1 og III2 framar í bókinni var greint frá miðlægislögmálinu í byggðapróun og bent að dvínandi gildi hafnarborga, og þar með strandsvæða, komi til með að leyfa hinum náttúrulegu hagrænu rökum miðsækni og miðlægni að koma til síns fulla gildis.

Miðlæg svæði og borgir eru hvarvetna í sókn og víða um lönd hafa verið reistar ferða-, flutninga- og stjórnsýslumiðstöðvar útfrá miðlægnislögmálinu, oft á svæðum, sem miðað við strandsvæði voru talin afskekkt, en miðað við þá auknu land- og flugflutninga sem nú eru að verða á svæðum, eru þessi "afskekktu" svæði að koma til gildis síns sem sjálf hin landfræðilega miðja.

Það þarf "abstrakt" hugsun hagfræði og skipulagsfræði til að átta sig á þessu, því að merking orða eins og í "þjóðbraut" og "kjarnasvæði byggðar" snýst alveg við: hin miðlegu svæði verða "í þjóðbraut" og "kjarninn", en strandsvæði verða að útkjálkum og annesjum.

Enn er mjög langt í það að þetta gerist á Íslandi, og líklega munu strandsvæði ætíð halda nokkru gildi vegna fiskimiðanna. En í þróun annarar starfsemi, sem og umferð í landinu, er ráðlegt að nýta sér þá þéttingu og vegalengdastyttingu sem miðlæg þróun getur leitt af sér.

Þó að ekki yrði farið út í gerð markvissra áætlunar strax, til að styrkja byggð úti á landi með hjálp miðlægnislögmálsins,

er hægt að ráðast í ýmsar tiltölulega ódýrar framkvæmdir til að opna fyrir þróun í þessa átt.


Eðlilegast sem fyrsta skrefið í þessa átt er gerð uppbyggðs vegar frá Búrfelli yfir Sprengisand og niður í Eyjafjarðardal (um 150 km). Vegalögn yfir Sprengisand yrði tiltölulega mjög ódýr, byggingaefnin þarf aðeins að ýta upp í vegarstæðið, og aðeins þarf að brúa nokkrar smásprænur.

Án varla nokkurs snjóruðnings gæti þessi vegur verið opinn 4 til 5 mánuði ársins og er það mikil bót frá þeim 1-2 mánuðum sem sumarslóðin er fær. Það er aðeins bleytan í sumarveginum sem hamlar, og upplyftur vegur réði þar bót á.

Sannanlegur sparnaður yrði á hálendisveginum vegna vegalengdastyttinga og Norðurleið nýtir sér þetta t.d. í hluta ferða sinna um sumarvegin yfir hásumarið. Sérstakur kostur við þennan nýja veg er að frost væri í honum meðan aurbleytan er í algleymingi á hringveginum, og með að beina þungaflutningum á hálendisvegin á meðan svo er væri hægt að forða miklum skemmdum á hringveginum.

Tilkoma hálendisvegarins mundi gera annað hagkvæmnis- og öryggismál auðveldara viðfangs, þ.e. raflínu milli Norður- og Suðurlands. Það að menn hafa ekki ráðist í þessa nauðsynlegu línu er ekki svo mjög vegna veðurfars heldur frekar vegna skorts á vegi til að komast með línunni til viðhalds og viðgerða.

Þegar vegartengingin er komin mundi skáli Ferðafélagsins í Nýjadal nýtast betur sem og aðrir útivistarmöguleikar á hálendinu. Vel er hægt að hugsa sér að skíðamiðstöð risi t.d. við Tungnafellsjökul, sem er miðja vegu milli Hofsjökuls og Vatnajökuls (sjá kortið).



Svona ferða- og skíðamiðstöð getur staðist þótt hún sé ekki rekin nema hluta ársins, það sjáum við frá Skíðaskálanum í Kerlingafjöllum, og einnig t.d. í ferðamiðstöðum eins og í Asbyrgi og í Skaftafelli.


Rekstrartímann mætti lengja með að halda vegatengingunni, annað hvort niður í Búrfell eða til Akureyrar, opinni að vori og hausti (eftir því hvort reynist ódýrara).

Niðurröðun húsa er hægt að haga þannig að hægt væri að byggja glerþak yfir svæði sem þau innlykja líkt og er í hinum nýja Miðbæ Seltjarnarness. Jarðhiti er á þessu svæði og gæti þarna komið upp vísir að heilsugæslustöð sem er eðlileg, einnig ferðamiðstöð, sérstaklega fyrir erlenda ferðamenn. Slík stöð getur haft ofan af fyrir mönnum ef eitthvað er að veðri og útivist og skíðaáastundun af þeim sökum erfið.

Ef náttúruverndarmenn telja að eyðileik öræfanna sé um of spillt með ferðamiðstöð þar, er til gott ráð við því eins og

sést á næsta korti.

Við suðurenda Tungnafellsjökuls er þröngur dalur sem lokast nær alveg að framan með fjallinu Þvermóði. Á kortinu er þessi dalur kallaður Jökuldalur en hann er þó oftast kallaður Nýidalur eins og skáli Fí, sem stendur við minni haus. Dalur þessi er svo hulinn umferð manna á Sprengisandi að hann fannst ekki fyrr en um miðja síðustu öld, síðastur dala á Íslandi.



Ekki er nokkur vafi á að vegatenging og ferðamiðstöð, eins og nú hefur verið um rætt, er hægt að koma á. Ég tel að stíga ætti fljótlega þau fyrstu skref sem nú hafa verið nefnd því að með þeim aðgerðum væri sett í gang tilraun sem gæti skorið úr um það hve mikið er hægt að reikna með hlutverki vega um hálendið, og kjarna þar, sem áhrifamikinn þátt í byggðastefnu, sem byggist á miðsóknar- og miðlægnishugmyndinni.

Þegar þessi tilraun hefur komist vel af stað - segjum eftir 10 ár ef byrjað verður á fyrstu skrefunum fljótlega - er hægt að dæma um raunhæfni miðlægni í byggðastefnu og þar með í framtíðarbyggðamynstri landsins, út frá raunverulegri reynslu af veginum og kjarnanum.

Fyrr en slík reynsla liggur fyrir óttast ég að umræðan um þessa byggðastefnu sem hér hafa verið sett fram, muni frekar einkennast af fordómum og hindurvitnunum en skýrri röksemda-færslu.

Nokkra notaðara rita er getið í kafla I.3. Um landsskipulag, og rita um náttúrufarsatriði er getið í kafla IV.2

Þess ber að geta, að mikið af frumvinnunni fyrir þetta verkefni fór fram um 1980. Því nær yfirlitið yfir ritin ekki til nýjustu rita um þessi efni.